

SHALDOR
skoðun 14



Annað gildi hlutanna
Katla Mariudóttir er nátt-
úrubarn og segir verðmæti
hluta ekki teljast í krónum.
allt 1



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

10. maí 2010 — 108. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Sæl í nýju starfi

Kolbrún Pálína Helgadóttir hefur tekið við ritstjórn á Nýju lífi.

tímamót 16



Flottasti leigubíllinn

„Það er málið að bjóða flotta þjónustu og flotta bíla,“ segir Jón Pálsson.




Chelsea meistari

Þriggja ára einokun Man. Utd. í enska boltanum var rofin í gær er Chelsea tryggði sér meistaratitilinn með 8-0 sigri á Wigan.

íþróttir 26

veðrið í dag



FREMUR HÆGUR VINDUR á landinu í dag og víða bjart eða bjart með köflum. Þó má gera ráð fyrir þokubökkum sums staðar með ströndum. Hiti á bilinu 1 til 13 stig, mildast sunnanlands.

veður 4



DAGLEGT LÍF Í VÍK Mikið öskufall gekk yfir Vík í Mýrdal um helgina og hefur það haft áhrif á daglegt líf fólks. Meðal annars hefur öllu skólahaldi verið aflýst í dag, þar sem starfsfólk þarf að þrifa burtu mikið magn af ösku sem hefur smogið inn í skólana. Íbúarnir laga sig þó að aðstæðunum, eins og þetta fólk sem setti upp grímur til þess að geta sett bensín á bíl sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flokkar ósamstíga um hraða breytinga

Ríkisstjórnin fundaði í gær um fjármál og breytingar á ráðuneytum. Óþolinmæði gættir hjá Samfylkingu sem vill keyra þær sem fyrst í gegn. Vinstri græn vilja fara sér hæggar. Skýrsla sérfræðinga mælir með sameiningu ráðuneyta.

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin fundaði í gær um breytingar á stjórnarráðinu, með sameiningu og stækkun ráðuneyta í huga. Stjórnarflokkana greinir á um hraðann á breytingunum. Margir í Samfylkingunni eru orðnir langeygir eftir þeim, en Vinstri græn vilja fara sér rólegar.

„Stærri ráðuneyti og stofnanir eru undirstaða í að styrkja hinn faglega grundvöll stjórnisýslunnar en það kallar á áttak í sameiningu ráðuneyta og stofnana,“ segir í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um viðbrögð við rannsóknarskýrslunni, sem Gunnar Helgi Kristinsson stýrði. Farið verður eftir þessum tilmælum og útfærslan liggur nokkuð ljós fyrir. Tímasetningar eru þó ekki klárar.

Samfylkingin vill leggja fram frumvarp um breytingar sem fyrst, strax í vikunni nefndu sumir heimildarmenn blaðsins. Vinstri græn vilja byggja á niðurstöðu skýrslunnar og ræða við hagsmunaaðila. Þar á bæ er horft til þess að breytingarnar yrðu um áramótin.

Breytingarnar eru í takti við það sem kynnt var í stjórnarsáttmálanum, fækkun ráðuneyta úr tólf í níu. Ný og betrubætt ráðuneyti yrðu umhverfis- og auðlindaráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

Samkvæmt heimildum blaðsins er gert ráð fyrir að Samfylkingin fái fimm ráðherra, en Vinstri græn fjóra. Það þýðir að óþolitsku ráðherrarnir tveir, Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir, yfirgefi ríkisstjórnina.

Enn er rík krafa um endurkomu Ögmundar Jónassonar. Rætt er um að Jón Bjarnason og Álfheiður Ingadóttir víki úr sæti og fjórir ráðherra Vinstri grænna verði Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Ögmundur. Jón Bjarnason er ósáttur við þessar tillögur, en aðrir eru sáttari og vísa í stjórnarsáttmálanum. Þar hafi línurnar verið lagðar.

Vinstri græn sjá mörg hver sóknarfæri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Heimildarmenn blaðsins nefna sumir hverjir að með því sé iðnaðarráðuneytið lagt niður og betri viðspyrna fái gegn auknum stóriðjuframkvæmdum. Auðlindastýring væri þá í höndum flokksins.

- kóp

Framboðsfundur á Nóaborg: Leikskólabörn vilja fá svör

STJÓRN MÁL Fulltrúar flokka í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík funda með leikskólabörnunum á Nóaborg við Stangarholt í dag. Krakkarnir hafa undirbúið fimm spurningar sem tengjast hugmyndum þeirra um betri borg.

Fundurinn kemur til vegna samevrópsks verkefnis um lýðræði sem leikskólinn hefur tekið þátt í undanfarin tvö ár. Börnin hafa meðal annars kynnst lýðræðislegum kosningum og greitt atkvæði um ýmis mál í leikskólanum eins og matseðil og hópastarf.

- rat



VIKTOR OG HANNES ARNAR gengu fram á dauða laxa í Elliðaánum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Gengu fram á dauða fiska: Rænulitir laxar eftir veturinn

LÍFRÍKIÐ Bræðurnir Viktor og Hannes Arnar gengu fram á níu dauða laxa í Elliðaánum í gær þar sem þeir voru á labbi með pabba sínum. Einn laxanna var lifandi þegar feðgana bar að en drapst fljótlega.

Guðni Guðbergsson, fiski-fræðingur hjá Veidimálastofnun, segir líklegustu skýringuna þá að hleypt var úr stíflunni við Elliðaavatn nú fyrir helgina. Laxarnir hafi gengið í fyrria og verið í lóninu yfir vetrartímann. „Þeir eru þá gjarnan orðnir rænulitlir um vorið og drepast þegar þeir koma út í strauminn,“ segir Guðni.

- rat

SPURNING DAGSINS



Biggi, er ekki óttalegt maus að skrifa þessa sögu?

„Þetta er bara stanslaust stuð og mjög seif.“

Birgir Örn Steinarsson úr hljómsveitinni Maus, eða Biggi í Maus, er að skrifa poppsögu Páls Óskars Hjálmtýssonar.

Loka þurfti flugvöllum í nokkrum Evrópulöndum um tíma í gær:

Áfram flogið um Akureyri

ELDGOS Flugsamgöngur víðs vegar um Evrópu komust í uppnám vegna eldgossins í Eyjafjallajökli um helgina. Flugvöllum var meðal annars lokað um tíma í Frakklandi, Sviss, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu og Írlandi í gær. Um 24.500 flug fóru um Evrópu í gær, en það er 500 færri flug en venja er. Þá urðu talsverðar seinkanir þar sem fljúga þurfti lengri leiðir til að forðast óskuský.

Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur hafa verið lokaðir um helgina og hefur flug til og frá landinu því farið um Akureyrar-



AKUREYRARFLUGVÖLLUR Millilandaflug hefur farið um Akureyrarflugvöll um helgina og svo verður áfram í dag.

flugvöll. Áfram verður flogið um Akureyrarvöll í dag, en vonast er til þess að hægt verði að fljúga frá Keflavík í kvöld. Samkvæmt spám er gert ráð fyrir að flug geti verið

komið í fastar skorður á morgun, að sögn Guðjóns Arngrímssonar hjá Icelandair.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni virðist framleiðsla gosefna hafa farið dvínandi síðustu vikuna. Gosvirknin hafi þó gengið í bylgjum og búast megi við áframhaldandi sveiflum. Þá sé ekkert sem bendi til þess að gosinu sé að ljúka.

Drunur heyrðust frá gosinu í tæplega 200 kílómetra fjarlægð, meðal annars í Borgarfirði, Vestmannaeyjum og í Austur-Húnavatnssýslu.

- þeb

Rannsaaka markaðshrunið:

Vilja hindra nýtt hrun

VIÐSKIPTI Stjórnendur kauphallanna Nasdaq OMX og NYSE Euronext ætla að vinna með bandaríska fjármálaeftirlitinu að rannsókn á snarpri dýfu á bandarískum markaði á fimmtudag í síðustu viku þegar Dow Jones-hlutabréfavisitalan hrundi um eitt þúsund stig.

Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Chris Dodd, sem jafnframt er formaður bankamála-nefndar bandaríska þingsins, vill fyrirbyggja að mistök geti leitt til nýrrar dýfu.

- jab



ELENA SALGADO Fjármálaráðherra Spánar ætla að verja evruna með kjafti og klóm.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neyðarfundur hjá ESB

Ráðherrar ætla að verja evruna

BRUSSEL, AP Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins lofuðu því á neyðarfundinum sínum í gær að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að styðja við evruna áður en markaðir opnuðu. Þeir vildu ekki gefa nánar upp hvað þeir ætluðu að gera. Vandræði hafa verið með gjaldmiðilinn eftir að fjárhagsvandræðin gengu yfir Grikkland. „Við ætlum að verja evruna,“ sagði Elena Salgado, fjármálaráðherra Spánar. „Gjaldmiðill okkar þarf meiri stöðugleika. Við munum grípa til nauðsynlegra aðgerða,“ sagði hún.

- fb

ÞÝSKALAND

Stjórnin féll

Stjórnarflokkarnir í Þýskalandi urðu fyrir áfalli í sambandslagakosningunum sem voru haldnar í gær. Samkvæmt fyrstu útgönguspám er stjórnin í Nordrhein-Westfalen fallin og eiga þessi tíðindi eftir að hafa umtalsverð áhrif á landsmálin.

RÚSSLAND

Marseruðu á Rauða torginu

Breskir hermenn marseruðu um Rauða torgið í Moskvu í fyrsta sinn í sögunni í gær. Þá fögnuðu Rússar því að 65 ár eru liðin frá lokum síðar heimsstyrjaldarinnar. Rússneskar hersveitir marseruðu um torgið ásamt sveitum frá Bretlandi, Frakklandi, Póllandi og Bandaríkjunum.



MEÐ BOLTAN Í KJAFTINUM Guðlaug K. Pálsdóttir ætlaði ekki að trúa sínum eigin augum þegar hún horfði á krókódíl taka golfboltann hennar og mjaka sér út í tjörn með hann í kjaftinum.

MYND/GUÐJÓN GRÉTAR DANIELSSON

Krókódíll át boltann

Guðlaug K. Pálsdóttir telur sig hafa afsannað að golf sé hættulaus íþrótt. Ástæðan er sú að krókódíll át golfboltann hennar. Það kom ekki að sök þar sem staðarreglur kveða á um að spilari í lífshættu fái að slá vítislaust.

FÓLK „Þegar ég kom að boltanum sá ég að hann hafði ekki lent í tjörninni eins og hélt. Hann hafði stopp- að á hryggnum á krókódíl sem lá þarna í makindum sínum,“ segir Guðlaug K. Pálsdóttir, sem nýlega var við golfleik á Providence-golfvöllinum í Flórída í Bandaríkjunum. „Ég fullyrði að krókódíllinn glotti í áttina til mín þegar hann tók boltann í kjaftinn og stakk sér í tjörnina.“

Guðlaug og eiginmaður hennar, Kristján Þór Sveinsson, höfðu ásamt vinum hafið leik snemma dags og vissu ekki hvað beið þeirra á hinum glæsilega Providence-golfvelli, sem byggður hefur verið upp á undanförunum árum.

Guðlaug útskýrir að eftir gott upphafshögg á fyrstu braut hafi annað höggið mistekist. Var hún þess fullviss að boltinn hefði farið í tjörn sem er við brautina. „Ég ætl-



GUÐLAUG K. PÁLSDÓTTIR

aði ekki að trúa eigin augum þegar ég sá hvers kyns var. Ég komst síðar að því að staðarreglur kveða á um að golfari í hættu fái frídropp.“ Þegar blaðamaður spurði hvernig það hefði verið að snúa baki í tjörnina þegar leik var haldið áfram eftir myndatöku segir Guðlaug: „Það var sérstakt. Króksi var ekki stór en ég held að Íslendingur geti ekki gert sér grein fyrir hættunni sem stafar af krókódíli um við golfið.“ Guðlaug bætir við að hún verði sennilega þolinmóðari við „erfiðar“ aðstæður á Íslandi. Eins og til dæmis að sætta sig við það þegar kríurnar ganga

hart fram við að verja hreiðrin úti á Seltjarnarnesi. Þær upplýsingar fengust hjá einum af golfkennurum á Providence-golfvöllinum að þessi uppákoma væri einstök. Vissulega væri mikið dýralíf við völlinn, enda er hann á miðju verndarsvæði. „Það eru krókódílar við alla golfvelli í Flórída en ég hef aldrei heyrt um neitt þessu líkt þau fimmtán ár sem ég hef starfað hér“, sagði golfkennarinn sem vildi ekki láta nafns síns getið. Hann skildi blaðamann nefnilega þannig að Guðlaug og hennar fólk ætlaði að fara í mál við fyrirtækið. Hann sagðist þess fullviss að golfboltinn hefði lent á krókódílnum og hann hafi verið að verja sig. Þar hitti hann naglann á höfuðið.

„Það var virkilega gaman að þessu, fyrst enginn missti útlím,“ segir Guðlaug að endingu.

svavar@frettabladid.is



KOLANÁMAN Tvær sprengingar urðu í kolanámuni sem kostuðu að minnsta kosti tólf verkamenn lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprenging í kolanámu:

Tólf fórust og tugir særðust

MOSKVA, AP Að minnsta kosti tólf verkamenn fórust og tugir særðust þegar tvær sprengingar urðu í stærstu neðanjarðarkolanámu Rússlands.

83 manneskur til viðbótar voru fastar niðri í námuni í gær, þar á meðal björgunarstarfsmenn. Fyrri sprengingin varð laust fyrir miðnætti á laugardagskvöld en sú síðari nokkrum klukkustundum síðar. 359 verkamenn voru við vinnu í námuni þegar fyrsta sprengingin varð. Náman er um þrjú þúsund kílómetra austur af Moskvu.

- fb

Vinnuslys á Hótel Selfossi:

Brann í andliti og á lærum

VINNUSLYS Starfsmaður Hótel Selfoss hlaut fyrsta og annars stigs bruna í andliti, á höndum og framanverðum lærum í fyrradag.

Slysið varð þegar starfsstúlka heilsulindar hótelins var að bæta á arin. Eldur blossaði upp og kviknaði í fötum stúlkunnar en henni tókst að kæla sig á ís. Læknir, sem staddur var í heilsulindinni, kom henni til aðstoðar og kallaði á sjúkrahús sem flutti stúlkuna til aðhlyningar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Viðvörðunarkerfi hótelins fóru í gang við eldsprenginguna og flæddu mörg hundruð lítrar af vatni á gólfið úr úðarakerfi á hæðinni.

- rat

Rúmlega þrítugur maður í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum:

Grunaður um manndráp

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítugur maður situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa valdið dauða manns á sextugsaldri aðfaranótt laugardags.

Lögreglan á Suðurnesjum fékk tilkynningu um málið um klukkan sex á laugardagsmorgun. Þá höfðu vegfarendur gengið fram á látinn mann fyrir utan hús í Keflavík. Áverkar á líki mannsins bentu strax til þess að dauða hans hefði borið að með sagnæmum hætti. Lögreglan hefur ekki gefið frekari upplýsingar um málið, og sagði í tilkynningu í gær að enn ætti eftir að yfirheyra sakborninginn og vitni frekar. Ekki náðist í rannsóknarlögreglumenn á Suðurnesjum í gær.

Hinn grunaði heitir Ellert Sævarsson og er 31 árs að aldri. Hann er búsettur í Keflavík, skammt frá þeim stað þar sem líkið fannst.



Á VETTvangi Lögreglumenn gengu í nærliggjandi hús og ræddu við íbúa á vettvangi á laugardag.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði hann í gær í gæsluvarðhald til mánuðagsins 17. maí.

Hinn látni var á sextugsaldri en ekki er hægt að greina frá nafni

hans að svo stöddu. Lögreglan biður þá sem telja sig geta veitt upplýsingar um málið að hafa samband í síma 420-1700 eða á netfangið dc@dc.is.

- þeb

Lífrænn barnamatur sem kitlar bragðlaukana



Engin erfðabreytt innihaldsefni
Ræktað án notkunar meindryaeiturs



Tveir símur nýir tímar!



Litadur
bakliðar
fylgja!

Vinsælasti snertisímurinn

Nokia 5230

Útborgun: 9.990 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

33.990 kr./stgr.

**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.



Ódýrasti snertisímurinn

Huawei U7510

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.

**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

Biokort, 6 x í bíó,
fylgir Huawei U7510!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,83 129,45
Sterlingspund	189,38 190,30
Evra	164,53 165,45
Dönsk króna	22,101 22,231
Norsk króna	20,736 20,858
Sænsk króna	16,835 16,933
Japanskt jen	1,395 1,4032

SDR 191,58 192,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,9651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslendingar hvattir til að taka þátt í óvenjulegum gjörningi í kvöld:

Eurovision-dans við Perluna

EUROVISION Íslenskir Eurovision-aðdáendur eru hvattir til að taka þátt í nokkurs konar gjörningi sem verður haldinn við Perluna í kvöld. Þátttakendur munu taka þátt í nýjum dansi og verður atriðið tekið upp og sýnt áður en símakosningin fer fram í úrslitum Eurovision, sem verða haldin í Noregi í lok maí. Átta Eurovision-þjóðir taka þátt í gjörningnum og dansa þær allar við sama lagjö. Auk Íslands taka dansspor þjóðir á borð við Írland, England, Litháen og Portúgal.

„Við viljum fá sem flesta til að mæta við Perluna,“ segir Þór Freysson hjá Saga Film, sem sér um framkvæmdina fyrir RÚV og Eurovision. Birna Björnsdóttir danskennari verður á staðnum og stýrir dansinum. „Fyrsti hálf-tíminn fer í að hita upp og læra dansinn.

Síðan verður þetta klippt saman og búið til átta mínútna vídeó,“ segir Þór. „Norðmenn eru búnir að halda keppnina tvisvar sinnum og í staðinn fyrir að sýna fjöllin og firðina og skíðastökkpallinn ákváðu þeir að gera landkynningu fyrir alla Evrópu. Allar Evrópuþjóðirnar sem taka þátt eiga búið í þessu atriði.“

Þeir sem vilja taka þátt í dansinum og öðlast um leið sannkallaða Eurovision-frægð eiga að mæta við Perluna klukkan 21 í kvöld með góða skapið í far-teskinu.

- fb



HERA BJÖRK Hera Björk tekur þátt í Eurovision fyrir Íslands hönd í lok maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Byggðarráð Norðurlands:

Dettifossvegur verði kláraður

SAMGÖNGUMÁL Byggðarráð Norðurlands hefur skorað á samgöngufyrirvöld að standa strax við gefin fyrirheit um að klára Dettifossveg, heilsársveg vestan Jökulsár á Fjöllum, sem mun tengja saman Ásbyrgi og Dettifoss.

Í greinargerð segir að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Dettifoss séu eitt helsta aðdráttarafli fyrir ferðamenn á svæðinu. Ferðaþjónusta á Norðausturlandi sé því lífsnauðsynleg að hafa aðgang að svæðunum í meira en þrjá mánuði á ári. - þeb

Nýtt framboð í Reykjavík: Fara fram gegn fjórflokkunum

STJÓRNMÁL Reykjavíkurframboðið - óháð framboð býður fram lista í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík. Framboðið hefur fengið úthlutað listabókstafnum E.

Meðal helstu stefnumála flokksins er að fara gegn fjórflokkunum, stöðva útpenslu borgarinnar og byggja hana inn á við með því að hefja byggingu blandaðrar byggðar í Vatnsmýrinni 2013. Í efsta sæti listans er Baldvin Jónsson, varabingmaður Hreyfingarinnar.

- job

Stríðsglæpamaður í vanda: Fangar réðust á Radislav Krstic

LONDON, AP Radislav Krstic, sem var dæmdur í 35 ára fangelsi fyrir aðild sína að fjöldamorðunum í Srebrenica, varð fyrir líkams-



RADISLAV KRSTIC

árás í fangelsi í Bretlandi fyrir skömmu. Hann var fluttur á sjúkrahús eftir að þrjú fangar réðust á hann. Ekki er vitað um tildrög árársarinnar. Krstic var árið 2001 dæmdur fyrir aðild að morðum á allt að átta þúsund múslimum í bænum Srebrenica árið 1995. Krstic var fluttur til Bretlands frá stríðsglæpadómstólnum í Haag árið 2004. Hann afplánar dóminn í Wakefield-fangelsinu þar sem margir hættulegir glæpamenn eru lokaðir inni.

- fb

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn skipstjórans á frystitogarannum Gandi í helgarútgáfu blaðsins. Skipstjórnin heitir Kristján Einar Gíslason.

Afnám verðtryggingar ekki lausn á vanda skuldugra

Óvíst er að afnám verðtryggingar myndi gagnast skuldsettu fólki því hærra vextir myndu auka greiðslubyrði á ný, samkvæmt nýrri skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra. Þó er talið að læra megi af reynslunni.

EFNAHAGSMÁL Ólíklegt er að breytingar á fyrirkomulagi verðtryggingar gætu á þessu stigi mála leitt til snöggs viðsnúnings hjá einstaklingum í skuldavanda, segir í niðurstöðum nýrrar skýrslu sem nefnist „Verðtrygging á Íslandi: kostir og gallar“. Hverfi verðtryggingin hækka vextir á móti.

Skýrslan er unnin fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra og er aðgengileg á vef ráðuneytisins. Ráðherra verður svo gestur viðskiptanefndar Alþingis á opnum fundi í dag þar sem rætt verður um verðtrygginguna.

„Íslensk heimili finna mjög fyrir neikvæðum áhrifum af verðtryggingu á húsnæðislán sem hafa hækkað mikið undanfarið, bæði greiðslubyrði og höfuðstóll. Til að bæta gráu ofan á svart þá hefur verið fasteigna lækkað í verði,“ segir í skýrslunni, sem unnin var af Öskum Capital. Þó segir þar að leitast megi við að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig. Ekki sé þó sjálfgefið að breytt fyrirkomulag leiði til betri útkomu.

Verðtrygging sparnaðar í gegnum lífeyrissjóðakerfið er óneitanlega sögð kostur fyrir heimilinn. „Í verðtryggðum lánum felst einnig sá kostur að lánað er fyrir vöxtum og verðbótum, þeim er bætt við höfuðstólinn. Greiðslubyrði er jafnari með hefðbundnu, verðtryggðu jafngreiðsluláni með föstum vöxtum en að öllu jöfnu á óverðtryggðu láni. Þá felst öryggi í verðtryggingu við skilyrði verðhjöðunar.“ Helstu ókostirnir við verðtryggingu eru sagðir hæk-

andi höfuðstóll og þar með hækkaði vextir og aukning greiðslubyrði. Sömuleiðis er bent á að greiningaraðilar hafi kerfisbundið vanspád verðbólgu. „Á þeim grundvelli má halda því fram að heimilin hafi tekið á sig alla áhættu varðandi verðbólguþróun.“

Fram kemur að verðtrygging sé almennari hér á landi en víðast annars staðar, en hana sé helst að finna í löndum sem búi við óstöðugan, lítinn gjaldmiðil og mikla verðbólgu.

Stöðugri gjaldmiðli fylgir minni þörf fyrir verðtryggingu í því skyni að auka trúverðuleika hagstjórnar.

SKÝRSLA NEFNDAR VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Ekki er talið fýsilegt að banna verðtrygginguna, en sé vilji til að auka vægi óverðtryggðra lána og fjárfestingarkosta væri ef til vill eðlilegt að ríkið hefði forgöngu í þeim efnum og yki óverðtryggða útgáfu sína.

Þá segir í skýrslunni að við fyrstu sýn virðist ekkert benda til þess að afnám verðtryggingar þyrfti að fylgja upptöku evru. „Hins vegar er ljóst að stöðugri gjaldmiðli fylgir minni þörf fyrir verðtryggingu í því skyni að auka trúverðuleika hagstjórnar.“


oikr@frettabladid.is



VIÐSKIPTARÁÐHERRA Viðskiptanefnd Alþingis heldur opinn fund í dag til að ræða um verðtrygginguna. Gylfi Magnússon verður meðal gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lánstími húsnæðislána í ríkjum OECD



HEIMILD: OECD ECONOMIC REVIEWS NR. 38 2004/1

FLORA ISLANDICA
ÁTT ÞÚ FEGURSTU BÓK HEIMS?
Nú eru örfá eintök eftir af þessum margverðlaunada safngrip

CRYMOGEA
- fegurðin býr í bókum
Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

BJARTIR DAGAR
Það lítur út fyrir bjartvíðri víða á landinu í dag og á morgun þó ekki sé hægt að útiloka þoku með ströndum. Á þriðjudagskvöld þykkar svo væntanlega upp vestanlands með rigningu og á miðvikudag verður væta víða um land.

Á MORGUN
Hægur eða fremur hægur vindur.

MÍÐVIKUDAGUR
Sums staðar strekkingur um tíma.

HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	19°
Berlín	18°
Billund	10°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	21°
London	12°
Mallorca	22°
New York	17°
Orlando	30°
Ósló	9°
París	11°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Við gerum ekki upp á milli

Þess vegna eru allar gsm þjónustuleiðir fyrir einstaklinga með eitt verð í alla aðra gsm síma, óháð kerfi.

Reiknaðu dæmið til enda. Því verðmunurinn getur verið meira en tvöfaldur.

0 kr. í alla heimasíma á Íslandi – ekkert upphafsgjald

Viðskiptavinir sem eru með allt sitt í Vodafone Gull hringja fyrir 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma á Íslandi, án þess að greiða sérstakt upphafsgjald.

Hafðu þetta einfalt – komdu til Vodafone.

power to you

KJÖRKASSINN



Var rétt að handtaka Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings?

Já 96,1%
Nei 3,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fækka ráðuneytum?

Segðu þína skoðun á vísir.

vísir

Vinstri græn í Reykjavík:

Áhersla á velferð

SVEITARSTJÓRNARMÁL Við núverandi aðstæður er gríðarlega stórt loforð að ætla að tryggja velferð og grunnþjónustu hjá borginni. Þetta sagði Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík, á blaðamannafundi í gær. Hún sagði vinstri græn treysta sér til að efna þetta loforð.



SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Vinstri hreyfingin – grænt framboð kynnti kosningaáherslur sínar og forgangsmál á næsta kjörtímabili á fundinum í gær. Sóley talaði þar einnig um fleiri húsnæðisúrræði og fjölbreytta atvinnusköpun á vegum borgarinnar, sem loforð sem flokkurinn treysti sér til að gefa.

- þeb

6

Stjórnarviðræður Íhaldsflokksins og Frjálslyndra demókrata héldu áfram í gær:

Leynilegt skjal veldur áhyggjum

LONDON, AP Breska dagblaðið The Observer greindi frá því í gær að það hefði undir höndunum leyfilegt skjal Íhaldsflokksins um afstöðu hans til Evrópusambandsins. Í skjalinu, sem William Hague, talsmaður íhaldsmanna í utanríkisráðgjafi, segir að flokkurinn muni halda uppí harðri gagnrýni á sambandið nái hann völdum. Talið er skjalið gæti ógnað viðræðum Íhaldsmanna og Frjálslyndra demókrata.

Stjórnarmyndunarviðræður flokkanna tveggja héldu áfram í



WILLIAM HAGUE

gær. Leiðtogarnir lýstu viðræðunum sem uppbyggjandi. Engu að síður gerðu þeir sér grein fyrir því að ná þyrfti samkomulagi sem allra fyrst.

„Við gerum okkur grein fyrir því að þjóðin þarf á stöðugri og lögmætri ríkisstjórn að halda sem fyrst,“ sagði William Hague. Íhaldsflokkurinn, undir

forystu Davids Cameron, hlaut 306 sæti af 650 á breska þinginu í kosningunum sem voru haldnar í síðustu viku. Flokkurinn þarf á tuttugu sætum að halda til viðbótar til að öðlast meirihluta. Vonast hann til að ná samkomulagi við Frjálslynda demókrata, sem hlutu 57 þingsæti, og öðlast um leið öruggan þingmeirihluta.

Nick Clegg, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, vildi ekkert láta hafa eftir sér um mögulegt samkomulag við íhaldsmenn.

- fb

Tveir ungir Rússar dæmdir: Myrtu stúlku og átu að hluta

RÚSSLAND, AP Dómstóll í Pétursborg hefur dæmt tvo menn fyrir að myrða og leggja sér að hluta til munn sextán ára stúlku.

Mennirnir sem voru um tvítugt voru dæmdir í 18 og 19 ára fangelsi. Þeir tældu stúlkuna inn á heimili annars þeirra þar sem þeir drektu henni í baðkari. Síðan elduðu þeir líkamsparta af henni í ofni. Við réttarhöldin sögðust mennirnir saklausir, en áður höfðu þeir sagst hafa myrt stúlkuna vegna þess að þeir voru „svangir“.

- gb

H-listi í Reykjavík kynntur:

Skattahækkanir á auðmenn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Forgangsráða á í þágu velferðar og öryggis borgarbúa, að sögn Ólafs F. Magnússonar, oddvita H-listans, sem kynnti framboð sitt á fundi í gær.

H-listinn vill að borgarstjórnarframboð taki ekki við fjárfraðslu, og að heiðarleiki og almannahagsmunir séu settir í öndvegi. Ekki eigi að forgangsráða í þágu rándýrra fjárfestinga, segir Ólafur, og nefnir þar sérstaklega Orkuveituna og tónlistarhúsið. Þá eigi ekki að hækka skatta nema á auðmenn og erlend málbræðslufyrirtæki.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

- þeb

Kaupþingsstjórnar yfirheyrdir um helgina

Helmingurinn af starfslíði sérstaks saksóknara vann að Kaupþingsmálinu um helgina. Málið er umfangsmikið, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara. Saksóknari getur yfirheyrt grunaða í málinu á fjórum stöðum í einu.

DÓMSMÁL Starfsmenn á vegum sérstaks saksóknara yfirheyrdur þá Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, um helgina. Magnús var jafnframt bankastjóri Banque Havilland, sem reistur var á rústum bankans ytra um mitt síðasta ár. Stjórn bankans sagði Magnúsi upp á föstudag eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði hann og Hreiðar í gæsluvarðhald.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, vildi hvorki segja til um gang yfirheyrslna né hvort aðrir hafi

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

verið yfirheyrdir í tengslum við meinta markaðsmisnotkun stjórnenda Kaupþings í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008.

Ólafur vildi ekki tjá sig um hvaða brot tvímenningarnir eru grunaðir. „Fyrst við erum með bankastjóra Kaupþings og bankastjóra bankans í Lúxemborg í haldi þá segir það sig sjálft að við fjöllum um samskipti þeirra,“ segir hann.

Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að sérstakur saksóknari myndi nýta tímann sem þeir Hreiðar Már og Magnús sitja í gæsluvarðhaldi til að yfirheyra alla þá sem taldir eru tengjast meintum lögbrotum Kaupþings. Það eru taldir vera á þriðja tug manna. Þar á meðal eru Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður



Á LEIÐ Í GÆSLUVARÐHALD Yfirheyrslur stóðu yfir þeim Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni um helgina.



Helmingur vinnur við Kaupþingsmálið

Þrjátíu starfa hjá embætti sérstaks saksóknara og hefur helmingur starfslíðsins unnið við Kaupþingsmálið um helgina. Aðstaða er til yfirheyrslna á Litla-Hrauni, í húsnæði sérstaks saksóknara auk þess sem nýta má aðstöðu hjá Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til yfirheyrslna þegar önnur aðstaða er upptekin, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara.

ur Kaupþings, Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi, og Steingrímur P. Káráson, fyrrverandi framkvæmdastjóri áhættustýringar bankans. Sigurður er búsettur í London en Ingólfur og Steingrímur í Lúxemborg og hafa þar rekið ráðgjafarfyrirtækið Consolium með Hreiðari Má. Þeir munu allir hafa verið boðaðir í yfirheyrslur í vikunni. Þá mun sérstakur saksóknari hafa

farið fram á við Sigurð að hann flýtti komu sinni hingað til lands en hann ekki sinn því kalli. Fréttablaðið hefur ekki náð í Sigurð þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ólafur vildi ekkert segja til um það í gær hvort fyrrverandi bankastjóri og framkvæmdastjóri Landsbankans og Glitnis hafi verið boðaðir í skýrslutöku vegna mála sem tengjast aðdraganda bankahrunsins.

jonab@frettabladid.is

Gjafaáskrift að Iceland Review er góð gjöf fyrir vini innan lands og utan



Tuttugu og fjórar síður um Fimmvörðuhálgosið í nýjasta blaði.

heimur

Áskriftarsími: 512-7575

Sérhönnuð hárvörulína fyrir

KRULLAÐ HÁR



Nærir, mótar og ýkir liði og krullur

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

Úrræði gegn fátækt og félagslegri einangrun rædd á Grand Hótelu í gær:

Umræður um bætt samfélag

SAMFÉLAGSMÁL Fátækt rædd á jafnræðisgrundvelli var yfirskrift fundar sem haldinn var á Grand Hótelu í gær. Fundurinn var haldinn í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun, en þar var stefnt saman stjórnáráðgjafum, fagfólki í félagsþjónustu og fólki sem upplifað hefur fátækt og félagslega einangrun sjálf.

Yfir 80 manns tóku þátt og ræddu í hópum hvernig bæta má stöðu þeirra sem af einhverjum ástæðum standa illa fjárhagslega og félagslega. Meðal annars var fólk sammála um að innræta þyrfti virðingu og umhyggju fyrir samfélaginu.

„Það sem stóð upp úr er vilji fólks til að búa í samfélagi þar sem við tökum ábyrgð á hvert öðru og að allir hafi möguleika á að þroska hæfileika sína,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, starfandi formaður félags- og tryggingamálanefndar Alþingis. Hún sagði jafnframt niðurstöður fundarinnar mikilvægt veganesti í vinnu stjórnvalda og fagfólks innan félagsmálageirans.

Margrét Einarisdóttir, eigandi nuddstofu í Reykjavík, sat fundinn sem talsmaður þeirra sem upplifað hafa fátækt og félagslega einangrun. Hún segir núverandi félagslegt kerfi letjandi. „Þeir sem af



MÁLIN RÆDD Umræðufundur um úrræði gegn fátækt og félagslegri einangrun sátu stjórnáráðgjafum og fulltrúar sveitarstjórna ásamt fagaðilum félagsþjónustunnar og notendum hennar.

MYND/HREINN MAGNÚSSON

einhverjum ástæðum eru á atvinnuleysisbótum eða örorkubótum hafa ekkert svigrúm til dæmis til að prófa viðskiptahugmynd eða auka við menntun sína, án þess að missa bæturnar. Þessu þarf að breyta og gefa fólki tækifæri til að bjarga sér.“

Niðurstöður fundarinnar verður komið áleiðis til ráðuneyta og sveitarfélaga af stýrihóp á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis sem stóð að fundinum.

- rat

Fyrsti útdráttur á morgun - 11. maí

www.das.is



Audi



Fjórir á árinu

Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!



eða

14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

Milljónavinningar á árinu

10x6 milljónir

38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta
4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar
á árinu á tvöfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.



Aldraðir hafa átt allan okkar
stuðning í áratugi.

Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði
kostar aðeins 1.000 kr.

Kauptu miða á www.das.is

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

dregið
viku-
lega!

52 útdrættir
á árinu!

HAPDRÆTTI



Vinningur í hverri viku



1. Hvaða alþjóðlegu fyrirsætu-keppni er áætlað að halda á Íslandi í nóvember?
2. Hvað heitir frystitogarinn sem kom til Vestmannaeyja fyrir helgi?
3. Hvaða íslenska hljómsveit hefur aðeins haldið tvenna tónleika á sjó ára starfsferli?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Fasteignaskrá gerir úttekt á fasteignamati og gjöldum víðs vegar um landið:

Matið lægst á Patreksfirði

FASTEIGNIR Fasteignamat er lægst á Patreksfirði, samkvæmt sam-
anburði Fasteignaskrár Íslands.
Fasteignaskrá reiknaði út fasteignamat og fasteignagjöld á sams konar fasteign víðs vegar um landið að beiðni Byggðastofnunar.

Skoðað var fasteignamat á rúmlega 160 fermetra og 350 rúmmetra stórum einbýlishúsum. Fasteignamatið var hæst á höfuðborgarsvæðinu, 34,2 milljónir að meðaltali. Utan höfuðborgarsvæðisins var matið hæst í Keflavík, 25,8 milljónir, og á Akureyri,

þar sem það var 25,6 milljónir.

Fasteignamatið á Patreksfirði var 7,9 milljónir. Næstlægst var fasteignamatið í Bolungarvík þar sem það var 8,8 milljónir króna.

Fasteignagjöldin voru hæst á Selfossi, 258 þúsund krónur. Gjöldin sem tekin voru með í reikninginn voru fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald og voru álagningarreglur í hverju sveitarfélagi notaðar. Lægst voru fasteignagjöldin á Hólmavík, þar sem þau voru 122 þúsund krónur.

- þeb



PATREKSFJÖRÐUR Fasteignamatið er lægst á Patreksfirði samkvæmt útreikningum Fasteignaskrár Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tífaldaði veltu sína:

Vaxtarsprotinn til Nox Medical

IBNAÐUR Fyrirtækið Nox Medical hlaut fyrir helgi Vaxtarsprotann. Hann er viðurkenning sem veitt er árlega á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík til sprotafyrirtækja.

Nox Medical var stofnað árið 2006. Fyrsta vara þess var svefn-greiningartæki. Fyrirtækið meira en tífaldaði veltu sína milli ára 2008 og 2009, úr 16,5 í 175 milljónir króna. Fyrirtækin Hafmynd, Menn og mús og Valka fengu einnig viðurkenningu. - kóp



HERMENN Afganskir hermenn að störfum í heimalandi sínu. Fjórir kollegar þeirra voru hálshöggðir.

Varnarliðsmenn handsamaðir:

Afhöfðaðir í Afganistan

KABÚLAP Fjórir meðlimir í varnarlíði á vegum afganska innarríkisráðuneytisins voru afhöfðaðir í bardaga við skæruliða í Herat-héraði í Afganistan.

Fjórmenningarnir voru að rannsaka ábendingu um að skæruliðar væru að undirbúa sjálfsmorðsárás á afganska varnarstóð þegar skotið var á þá. Í framhaldinu voru þeir handsamaðir og hálshöggðir. Tíu skæruliðar voru í framhaldinu drepnir af afgönskum hermönnum. Fjórir þeirra fórust eftir að byssukúlur fóru í sjálfsmorðsvesti þeirra. - fb

Líka reynt að hækka gengið í Glitni og Landsbankanum

Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson eru grunaðir um að hafa haft óeðlileg áhrif á gengi hlutabréfa í Kaupþingi. Vísbendingar eru um að sömu brögðum hafi verið beitt í Glitni og Landsbankanum.

VIÐSKIPTI Sérstakur saksóknari hefur til meðferðar mál er varða markaðsmisnotkun Glitnis og Landsbankans. Viðskipti banka sem hafa þann eina tilgang að yta undir gengi hlutabréfa bankans nefnast markaðsmisnotkun.

Rannsókn sérstaks saksóknara, sem leiddi til gæsluvarðhaldsúrskurða yfir Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni, snýst um slíka markaðsmisnotkun. Eru þeir grunaðir um að standa að baki viðskiptum í þeim tilgangi fyrir hátt í hundrad milljarða króna.

Rannsóknarnefnd Alþingis tilkynnti saksóknara um nokkur mál er varða markaðsmisnotkun. Snúa þau að lánveitingum bankanna til slíkra viðskipta, svokölluðum eigin viðskiptum bankanna og persónulegum hag starfsmanna bankanna af markaðsmisnotkun.

Rannsóknarnefndin telur yfirgnæfandi líkur á að þau viðskipti bankanna með eigin hlutabréf sem

greining nefndarinnar náði til hafi verið framkvæmd í þeim tilgangi að gefa misvísandi upplýsingar um eftirspurn eftir hlutabréfum og hafa þannig áhrif á verð þeirra. Í mörgum tilvikum hafi bankarnir veitt völdum viðskiptavinum lán á hagstæðum kjörum og jafnvel án trygginga til að liðka fyrir slíkum viðskiptum.

Þó Kaupþing hafi verið umsvifamest í markaðsmisnotkun beittu Glitni og Landsbankinn sömu brögðum. Um þá banka segir í skýrslunni að inngrip þeirra í viðskipti með hlutabréf í þeim hafi orðið til þess að skekkja þá mynd sem hluthafar höfðu um verðmæti bréfa sinna. Hlutirnir voru þannig taldir verðmeiri en þeir voru í raun og nýir hluthafar á þeim tíma keyptu hluti á of háu verði. Að auki kunna aðrir viðskiptamenn að hafa orðið fyrir skaða þar eð þeir töldu verðþróunina vera til marks um að staða bankans væri betri en síðar kom á daginn.



SIGURJÓN P. ÁRNASON Fyrirverandi bankastjóri Landsbankans.



LÁRUS WELDING Fyrirverandi bankastjóri Glitnis.

FME brást - hefði getað kortlagt viðskipti

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fjallað er um markaðsmisnotkun kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafði aðgang að gagnagrunni sem hafði að geyma upplýsingar um öll verðbréfavíðskipti, aðgreind eftir viðskiptaaðilum í hverjum banka fyrir sig.

„Gagnagrunnurinn var þó ekkert notaður þar sem Fjármálaeftirlitið hafði ekki komið sér upp nauðsynlegum búnaði til þess að lesa og greina gögnin. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að Fjármálaeftirlitið hafi brugðist í þessu efni. Ef Fjármálaeftirlitið hefði greint þá mynd sem dregin er upp hér hefði það kallað á rannsókn á því hvað ætti sér stað á verðbréfamörkuðum. Það kynni að hafa breytt rás atburða að einhverju leyti,“ segir í skýrslunni.

Árið 2008 vísaði Kauphöllin ellefu málum þar sem grunur lék á

markaðsmisnotkun til Fjármálaeftirlitsins. bjorn@frettabladid.is

Sýn Toyota á alþjóðlega þróun bílamarkaða



Velkomin á fund með Tetsuya Kaida framkvæmdastjóra verðmæta-sköpunar hjá Toyota í Japan.



Fundurinn verður haldinn í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands kl. 15.00, þriðjudaginn 11. maí.

Kaida mun fjalla um aðlögun skipulags Toyota vegna alþjóðlegra breytinga. Hann mun einnig ræða um hönnun nýrra tegunda bíla og hvernig fyrirtækið getur orðið þátttakandi á bílamörkuðum framtíðar.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku.
Allir velkomnir. Ókeypís aðgangur.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
VIÐSKIPTAFR/ÉIÐEILD



HERMENN Pakistanskir hermenn á varðbergi. Tíu manns fórust skammt frá landamærum Pakistans og Afganistans í gær, líklega í árás Bandaríkjamanna..

Misheppnaða sprengjuárásin á Times Square:

Hafa sannanir fyrir þátttöku talibana

WASHINGTON, AP Bandarísk stjórnvöld segjast hafa sönnunargögn þess efnis að talibanar hafi staðið á bak við hina misheppnuðu sprengjuárás á Times Square-torginu í New York. „Við vitum að þeir veittu aðstoð vegna árársarinnar. Við vitum að þeir áttu þátt í að stjórna henni,“ sagði Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. „Ég býst við að við munum finna sönnunargögn sem sýna að þeir aðstoðu við fjármögnun hennar. Þeir áttu mikinn þátt í skipulagningunni.“

Talið er að Faisal Shahzad, sem hefur verið handtekinn vegna árársarinnar, hafi dvalið í fimm mánuði í Pakistan þar sem hann undirbjó sig.

Í gær fórust tíu manns skammt frá landamærum Pakistans og Afganistans eftir að eldflaugum var skotið þangað. Talið er að Bandaríkjaher hafi staðið á bak við verknaðinn. Þetta er fyrsta árásin sem er gerð á þessu svæði eftir að sprengjuárásin á Times Square í New York mistókst.

- fb

VORÚTSALA

HEIMABIÓKERFI MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
JVC - PANASONIC - PHILIPS

FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

22" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 114.990

TILBOÐ 89.990

GRUNDIG AFSL. 25.000

32" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 149.990

TILBOÐ 99.990

JVC AFSL. 50.000

40" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 199.990

TILBOÐ 149.990

TOSHIBA AFSL. 50.000

10x50 SJÓNAUKI

FULLT VERÐ 10.990

TILBOÐ 6.990

tasco AFSL. 36%

IPOD HLJÓMTÆKI

FULLT VERÐ 49.990

TILBOÐ 29.990

JB L Radial AFSL. 40%

STAFRÆN TÖKUVÉL

FULLT VERÐ 59.990

TILBOÐ 49.990

JVC AFSL. 17%

MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR
MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI - SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR - DVD SPILARAR

FRÁBÆR TILBOÐ Á MP3 SPILURUM

GRUNDIG - PHILIPS INTENSO - SANDISK

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fundaði um málefni Grikklands:

Fá 5.200 milljarða neyðaraðstoð

WASHINGTON, AP Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur samþykkt að veita Grikkjum 40 milljarða dollara neyðaraðstoð, eða um 5.200 milljarða íslenskra króna.

Stjórnin fundaði í Washington í gær þar sem hún samþykkti neyðaraðstoðina. Áður höfðu leiðtogar Evrópuríkja samþykkt að veita Grikkjum hundrað milljarða dollara aðstoð, eða um 13 þúsund milljarða króna, á næstu þremur árum til að koma í veg fyrir þjóðargjaldþrot.

Til að bregðast við ástandinu hafa grísk stjórnvöld ákveðið að



UPPÞOT Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur samþykkt að veita Grikkjum 40 milljarða dollara neyðaraðstoð.

NORDICPHOTOS/AFP

fara í miklar aðhaldsaðgerðir. Almennungur hefur brugðist harka-

lega við og hafa uppþot verið tíð í landinu að undanförunu.

Peningaástoðin til Grikkjana er einnig nauðsynleg til að koma stöðugleika á alþjóðlega fjármálamarkaði sem óttast að skuldirnar muni sliga fleiri Evrópuþjóðir á næstunni. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, gerir sér fyllilega grein fyrir vandamálinu og hefur hvatt leiðtoga Evrópuríkja til að koma á stöðugleika á fjármálamarkaði. Ræddi hann málin við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, í gær.

Pest herjar á hross:

Landsmót þrátt fyrir hrossapest

LANDSMÓT Undirbúningi fyrir Landsmót hestamanna verður haldið áfram þrátt fyrir smitandi hósta sem nú gengur yfir hestastofninn. Þetta ákvað framkvæmdanefnd Landsmótsins fyrir helgi. Hestamenn eru hvattir til þess að mæta ekki með veik hross til keppni eða sýninga.

Hrossapestin herjar á hross um allt land. Útflutningur hrossa er farinn að raskast, verslunareigendur finna fyrir samdrætti í sölu á hestavörum og veikin mun hafa áhrif á kynbótamat í vor.



OLÍUVEIÐAR Í MEXÍKÓFLÓA Þetta rækjuveiðiskip hefur fengið dálítið óvenjulegt hlutverk og veiðir nú olíu upp úr Mexíkóflóa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dreifingarfyrirtækið Parlogis til sölu

Vestia ehf., dótturfélag Landsbankans (NBI hf.) og Atorka Group hf. hafa falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í dreifingarfyrirtækinu Parlogis ehf.

Parlogis á sér langa sögu sem eitt helsta dreifingarfyrirtæki á vörum til íslensks heilbrigðiskerfis. Markaðshlutdeild í dreifingu lyfja er yfir 30%. Fyrirtækið býr yfir 4.000 fermetra sérhæfðu lagerhúsnæði, nútíma upplýsingakerfum, þróðum vinnuferlum og hæfu starfsfólki.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum, sem teljast fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og sýnt geta fram á fjárfestingarögu umfram 300 milljónir króna.

Unnt er að nálgast frekari upplýsingar um söluferlið og tengd gögn, þ.e. kynningarblað, trúnaðaryfirlýsingu, og upplýsingaeyðublað fjárfesta á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is.

Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði rennur út kl. 16:00 fimmtudaginn 27. maí 2010.

landsbankinn.is | 410 4000



Gnúpur misnotaður í aðdraganda hruns

Bankarnir beittu ýmsum ráðum til að forðast áhrifin af falli Gnúps. Þeir lánuðu fjölda félaga milljarða króna til kaupa á eignasafni félagsins. Talið er að Glitnir hafi sett eigin bréf inn í Gnúp þegar hluthafar voru farnir frá borði.

VIÐSKIPTI Stjórnendur Glitnis héldu lífi í fjárfestingarfélaginu Gnúpi til þess að geta fært þangað eigin bréf þegar bankinn var kominn að mörkum þess sem hann mátti eiga. Þetta mál mun vera á meðal þeirra sem eru í rannsókn hjá skilanevnd Glitnis, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekkert málanna sem eru í skoðun tengist fyrri eigendum Gnúps. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku er líklegt að farið verði fram á gjaldþrotaskipti Gnúps á næstu vikum.

Gnúpur var fyrsta fjárfestingarfyrirtækið sem lenti í hremmingum þegar alþjóðlega fjármálakreppan skall á haustið 2007. Félagið var annar stærsti hluthafi FL Group, sem átti um þriðjungshlut í Glitni. Þá átti Gnúpur jafnframt stóran hlut í Kaupþingi. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að þegar Gnúpur lenti í greiðsluferðileikum í desembermánuði 2007 sneru bankarnir bókum saman og tóku þær eignir sem þeir áttu veð í með um helmingsafslætti. Þetta voru Kaupþing bæði hér og í Lúxemborg, Landsbankinn, Icebank og Glitnir.

Þar af tók Kaupþing eigin bréf en lánaði Gift, dótturfélagi Samvinnutrygginga, tuttugu milljarða króna til kaupa á hlutabréfum Gnúps í bankanum.

Þá tók stjórn Glitnis til svipaðra ráða. Bankinn lánaði Fons, félagi að mestu í eigu Pálma Haraldssonar, tíu milljarða til að kaupa stærstan hluta Gnúps í FL Group. Önnur félög fengu sambærilega fyrirgreiðslu til kaupa á eignum Gnúps sem tengdust bankanum



MAGNÚS OG ÞÓRÐUR MÁR Eftir því sem næst verður komist beittu stjórnendur Glitnis ýmsum ráðum til að forðast að eignir Gnúps lentu í bókum bankans eftir að fyrri hluthafar fóru frá félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fjárfestingar forstjórans

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er vakin athygli á því að Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps, hafi ásamt Bjarna Armannssyni, fyrrverandi forstjóra Glitnis, átt í viðskiptum með framvirka samninga mikið til í sömu félögum og Gnúpur. Mest námu þessi viðskipti um 1,4 milljörðum króna haustið 2007. Hætta var á hagsmunaaðrekstrum, að sögn skýrsluhöfundanna. Eftir því sem næst verður komist elti hluti eigenda Gnúps fjárfestingar FL Group í þýska bankanum Commerzbank. FL Group flaggaði tæpum þriggja prósent hlut í Commerzbank í apríl 2007 og var komið með 4,25 prósent í september. Í byrjun árs 2008 tók FL Group að selja hluti sína og tapaði á endanum milljörðum króna. Ekki er vitað hvort þeir hluthafar Gnúps sem eltu FL Group hafi losað um stöður sínar á sama tíma. Talið er líklegt að fyrri hluthafar Gnúps hafi komið illa út úr fjármálakreppunni en auk þess sem á undan er talið greiddu þeir á annað hundrað milljónir króna í tengslum við fall Gnúps, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

og stærstu eignum hans. Þar á meðal fékk félagið FS37, síðar Stím, lán til kaupa á hlutabréfum í Glitni og FL Group.

Þessu til viðbótar bjó bankinn til fjárfestingarfélagið Stapa og lánaði því tæpa sautján milljarða til að kaupa eignarhlut Gnúps í fasteignafélaginu Landic Properties og tískuvörudeildinni Mosaic Fashions. Einn stjórnenda Glitnis

mun hafa átt frumkvæðið að því að selja Stapa til bókaútfanda, sem var grunlaus um eignatilfærslu bankans.

Eftir fall Gnúps lenti félagið í höndum lögmannanna Lárentsínusar Kristjánssonar og Steinars Guðgeirssonar hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Eftir fall Glitnis tók skilanevnd bankans við því.

jonab@frettabladid.is

Fyrirlestraröðin Reykjavík 2.0

7. maí: Menning er málið!

11. maí: Græna Reykjavík

19. maí: Reykjavík 2.0

Græna Reykjavík

Hvernig getur Reykjavík orðið grænni og umhverfisvænni en hún er þegar orðin? Samspil skipulags, samgangna og umhverfismála ræður miklu um lífsgæði Reykvíkinga. Á fundinum velta fyrirlesarar fyrir sér hvort Reykjavík sé græn í gegn, hvað hefur verið vel gert og hvað má gera betur.

Opinn hádegisfundur í Þjóðminjasafninu við Hringbraut, þriðjudaginn 11. maí milli kl. 12:00 og 13:00. **Allir velkomnir.**

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur

Sigrún Helga Lund, stjórnarmaður í Samtökum um billausan lífsstíl

Ólafur Mathiesen, arkitekt



Hanna Birna Kristjánsdóttir



Sigrún Helga Lund



Gísli Marteinn Baldursson



Ólafur Mathiesen

www.xd.is/reykjavik

x D

Fangaðu heiminn með Canon IXUS



DIGITAL IXUS

Frábær saga er sögð með stíl.

IXUS sameinar fagað útlit og frumkvöðla ljósmyndataekni. Að taka frábærar myndir við allar aðstæður hefur aldrei verið auðveldara þar sem Scene Detection tækni velur á milli hentugustu tókustillingana eftir því hverjar aðstæður eru.

Allt að 14.1 megapíxlar, val um 24 - 28 mm gleiðlinsa, snertiskjá og HD vídeó.



Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook

Canon

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholti 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholt 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Pórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martólvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2010: Fjögur framboð í Hafnarfirði

Fjármál og velferð í forgrunni

Kosningabaráttan í Hafnarfirði mun að mestu snúast um fjármálin, að mati flestra heimildarmanna Fréttablaðsins. Þau munu verða Samfylkingunni, sem er með hreinan meirihluta í bæjarstjórn, skeinuhætt, en tromp hennar eru vinsældir Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra.

Fyrri umræða um ársreikning fór fram í síðustu viku. Þar kom fram að skuldir og skuldbindingar bæjarfélagsins nema 41,7 milljörðum króna. Það er meira en gert var ráð fyrir í áætlunum og nemur um 1,6 milljón á hvern bæjarbúa.

Litlaus umræða

Fjármál eru flókið fyrirbæri og þau má túlka á ýmsan hátt. Það þekki þeir sem fylgst hafa með meiri- og minnihluta rökræða um ársreikninga. Er verið að tala um A-hluta, B-hluta eða samstæðuna, eru eignir á móti, eru skuldbindingar utan efnahags óeðlilega miklar, eða er um fjárfestingu til framtíðar að ræða. Þetta getur hver túlkað á sinn hátt og óhætt er að segja að umræðan verður nokkuð litlaus.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að stjórnmálamenn eigi erfitt með að ná til kjósenda með umræðu um fjármál. „Það er nú ekki mál sem er þess eðlis að það muni örva kosningabátttöku. Það er með leiðinlegri og staglökendari umræðum sem þú getur lent í. Menn fara að deila um bókhald, sem er örugg leið til að slökkva á



HAFNARFJÖRÐUR Líkt og víða annars staðar er áhugi fyrir kosningum óvenju lítil í Hafnarfirði. Skuldastaða bæjarins mun verða fyrirferðarmikil í kosningabaráttunni, en Samfylkingin mun benda á velferð sem hún hefur staðið vörð um.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

áhorfendum, en það er hins vegar alvörumál,“ segir Gunnar og vísar til slæmrar stöðu margra sveitarfélaga, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Samfylkingin mun draga eins og hún getur úr mikilvægi fjármálaumræðunnar og beina þess í stað sjónum kjósenda að velferðarmálum. Þá mun flokkurinn vekja athygli á þeim fjölda atvinnulöða sem eru tilbúnar í sveitarfélaginu.

Dauf yfir baráttunni

Hafnarfjörður er sama marki brenndur og önnur sveitarfélög að því leyti að lítil umræða er farin af stað um kosningarnar. Viðmælendur blaðsins eru þó á því að nú sé umræðan að glæðast, greinar frambjóðenda fylli nú bæjarblöðin

og áhuginn sé að vakna. Það er þó mun síðar en í eðlilegu árferði og nefna menn frambjóðendabækling Samfylkingarinnar því til sönnunar. Venjan er að bera hann í hvert hús 2. maí, en bæklingurinn er ekki tilbúinn þetta árið. Fráleitt ein-skorðast þetta þó við Samfylkinguna, lítill gangur er kominn í baráttuna hjá öllum flokkum.

Þetta er samt algjör snilld og jú, þetta er líklega sá sætasti enda var þetta sá erfiðasti. Við vorum búnir að vera í miklum mótbyr á tímabili og berjast við hitt og þetta. Ég held að við höfum sannað í vetur að við séum með besta liðið enda búnir að vinna alla titla,” sagði sigurreifur Aron Kristjánsson.



FLUGFERÐ Aron Kristjánsson var að sjálf-sögðu tolleraður af leikmönnum sínum eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fullkomið tímabil hjá Haukum

Haukar kláruðu fullkomið tímabil á laugardag er þeir tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í oddaleik gegn Val. Haukar eru nú handhafar allra bikaranna sem í boði eru. Þeir eru Íslandsmeistarar, bikarmeistarar, deildarmeistarar og deildarbikarmeistarar. Þetta er þriðja árið í röð sem Haukar verða meistarar.

HANDBOLTI Haukar eru með besta handboltalið landsins. Það undirstrikuðu lærisveinar Arons Kristjánssonar á laugardag er liðið lagði Val, 25-20, í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn.

Það voru margir búnir að afskrifa Hauka fyrir leikinn. Var sagt að þeir hefðu ekki sömu breidd og Valsmenn, lykilmenn væru þreyttir og svo var liðið án síns besta varnarmanns, Gunnars Bergs Viktorssonar, í leiknum.

Haukar gáfu öllum svartsýnis-spám langt nef í leiknum og sýndu þann karakter og sigurveila sem einkennir öll meistaralið. Það sem meira er þá var það vörnir sem vann þennan oddaleik fyrir þá. Eftir að leikurinn hafði verið í járnum þá skellti Haukavörnir in í lás um miðjan síðari hálfleik og Valsmenn vissu ekki sitt rjúkandi ráð.

Þeir lentu í stórkostlegum vandræðum með að hreinlega koma skoti á markið og gáfu á sama tíma eftir í vörninni. Á þessum kafla kláruðu Haukar leikinn og enginn spenna var á lokamínútunum.

Aron Kristjánsson hefur unnið frábært starf með þetta Haukalið síðustu þrjú ár og alltaf náð að stilla strengi liðsins þrátt fyrir breytingar á milli ára. Haukarnir voru ekkert sérstaklega sannfærandi í upphafi tímabils en það



BIKARINN Á LOFT Birkir Ívar Guðmundsson lyftir hér sjálfum Íslandsbikarum á loft við mikinn fögnuð félaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

var stöðugur stígandi í leik þeirra í allan vetur og þeir unnu deildarkeppnina með talsverðum yfirburðum.

Birkir Ívar hefur verið magn-

aður í markinu og það er einnig mikið ánægjuefni fyrir Hauka að eiga einn efnilegasta markvörð landsins, Aron Rafn Eðvarðsson, á bekknum. Pétur Pálsson, sem lítur

út eins og minni útgáfa af Kára Kristjánssyni, hefur sprungið út í vetur og var stórkostlegur í úrslitunum. Gríðarlega sterkur línumaður sem virðist alltaf ná boltanum. Er boltinn kemst í hendur hans er niðurstaðan ávallt mark eða vítakast og jafnvel tveggja mínútna brottvísun.

Sigurbergur Sveinsson hefur verið magnaður í allan vetur og Björgvin Hólmgeirsson sýndi hvað í honum býr er leið á tímabilið. Vonandi að hann haldi áfram að springa út sem leikmaður.

Einhver vanmetnasti handboltamaður landsins er síðan Elías Már Halldórsson. Þessi ekkert allt of hávaxni hornamaður hefur mátt leysa skyttustöðuna í nánast allan vetur og hefur leyst það með glæsibrag þó honum sé ekkert alltaf hampað of mikið. Hann spilar skynsamlega, er duglegur að finna línuna og hefur einnig skor- að ágætis mörk fyrir utan. Magnaður vetur hjá honum.

Annars er það liðsheildin sem Aron hefur skapað sem er grunnurinn að árangrinum. Hjá Haukum vinna menn saman sem eitt lið og fórnar sér hver fyrir annan. Sigurveili leikmanna er mikill og Halldórs Ingólfssonar bíður ekki ófundsvort starf að leysa Aron Kristjánsson af hólmi.

henry@frettabladid.is

Pallmann®
Parketlakk

Ný vara á góðu verði

ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Pantaðu í síma
565 6000
eða á somi.is

VEISLUBAKKAR
FRÍ HEIMSENDING*

SÓMI

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, brotnaði saman og grét eftir Haukaleikinn: Stoltur af strákunum mínum

HANDBOLTI Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, er mikill keppismaður sem lifir sig inn í leiki síns liðs. Hann stýrði Val í síðasta skiptið um helgina og það leyndi sér ekki að úrslit leiksins tóku á hann.

„Þetta var mjög leiðinlegt. Við vorum betri í þrem leikjum af fimm en þessi leikur taldi. Ég óska Haukum til hamingju með þetta. Þeir voru betri í dag,” sagði Óskar Bjarni en hans lið missti leikinn úr höndunum um miðjan síðari hálfleik er Haukavörnir skellti í lás.

„Flæðið var lítið í sókninni á þessum tíma og varnarleikurinn staður. Það var meiri kraftur í þeim,” sagði Óskar en tapið í fyrsta leiknum að Ásvöllum sat greinilega enn í honum enda kastaði Valur frá sér sigri í þeim leik.

„Tapið í fyrsta leik var mjög sárt. Það er náttúrulega ef og hefði og allt það. Við hefðum samt átt að gera betur í þeim leik,” sagði Óskar og tjáði sig svo um dómara-

ana. „Við undirbyggjum okkur fyrir þennan leik að dómgæslan yrði 55-45 eða 60-40 með Haukum. Það var stórskrítið að okkar besta par skyldi ekki hafa dæmt fyrir en í fjórða leik? Hvað ef rimman hefði farið 3-0? Svo lenda þeir í því að þurfa að gefa rautt á Haukamann í fjórða leik og koma svo hingað.



TILFINNINGARÍKUR Óskar Bjarni er einn færasti og litríkasti þjálfari landsins. Hann lætur hér vel í sér heyra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þó svo þeir séu okkar reyndasta par þá er það rosalega erfitt fyrir þá. Ég ætla samt ekki að væla yfir dómurum og fannst þeir dæma vel í leiknum. Þetta gerði samt öllum erfitt fyrir,” sagði Óskar Bjarni og viðurkenndi síðan að Haukar væru vel að titlinum komnir.

„Þegar upp er staðið voru

Haukarnir betri í dag. Við vorum frábærir, ég er stoltur af strákunum og stoltur af þessum sjö árum sem ég hef stýrt liðinu,” sagði Óskar Bjarni sem á þessum tímapunkti gat ekki meir, tilfinningararnar báru hann ofurlíði og hann varð að yfirgefa salinn með tárin í augunum.

- hbg



Til hamingju með 30 ÁRA AFMÆLI HERBALIFE 2010




NÆRING FYRIR BETRA LÍF




HERBALIFE

Herbalife hefur stuðlað að betri næringu og hollum lífsstíl í yfir 30 ár



Herbalife hefur stuðlað að betri næringu og hollum lífsstíl í yfir 30 ár. Milljónir manna hafa kynnst því hvernig vörur Herbalife eru hornsteinar fyrir hollan og hreyfanlegan lífsstíl.



Við þökkum viðskiptavinum okkar áframhaldandi stuðning og traust, ánægðir viðskiptavinir eru okkur allt!



Herbalife er stolt af því að vörurnar sem það þróar byggjast á allra nýjustu vísindum og rannsóknum svo og ströngustu kröfum um gæða- og öryggisstaðla.

Við notum aðeins bestu og virkustu hráefni sem fáanleg eru og höfum skuldbundið okkur til þess á næstu 30 árum að færa viðskiptavinum okkar aðeins allra bestu næringarvörur sem völ er á.

Við erum stolt af þeirri ótrúlegu þjónustu sem dreifingaraðilar veita viðskiptavinum okkar í því skyni að ná markmiðum sínum. Við erum stolt af því að flytja boðskapinn um góða næringu til fólks um allan heim.



Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL - FULHAM	4-0
1-0 Andrei Arshavin (19.), 2-0 Robin van Persie (25.), 3-0 Chris Baid, sjm (37.), 4-0 Carlos Vela (83.).	
BOLTON - BIRMINGHAM CITY	2-1
1-0 Kevin Davies (32.), 2-0 Ivan Klasnic (59.), 2-1 James McFadden (77.).	
BURNLEY - TOTTENHAM HOTSPUR	4-2
0-1 Gareth Bale (2.), 0-2 Luka Modric (31.), 1-2 Wade Elliott (41.), 2-2 Jack Cork (53.), 3-2 Martin Paterson (70.), 4-2 Steven Thompson (87.).	
CHELSEA - WIGAN ATHLETIC	8-0
1-0 Nicolas Anelka (5.), 2-0 Frank Lampard, víti (31.), 3-0 Salomon Kalou (53.), 4-0 N. Anelka (55.), 5-0 Didier Drogba (62.), 6-0 D. Drogba, víti (67.), 7-0 D. Drogba (79.), 8-0 Ashley Cole (89.).	
EVERTON - PORTSMOUTH	1-0
1-0 Diniyar Bilyaletdinov (93.).	
MANCHESTER UNITED - STOKE CITY	4-0
1-0 Darren Fletcher (30.), 2-0 Ryan Giggs (37.), 3-0 Danny Higginbotham, sjm (54.) 4-0 Park Ji-Sung (83.).	
WEST HAM UNITED - MANCHESTER CITY	1-1
1-0 Luis Morte (16.), 1-1 Wright-Phillips (20.).	
WOLVES - SUNDERLAND	2-1
0-1 Kenwyne Jones (7.), 0-1 Kenwyne Jones (8.), 1-1 Kevin Doyle (10.), 1-1 Kevin Doyle (11.), 1-1 Kevin Doyle (12.), 2-1 Adlane Guadioura (78.), 2-1 Adlane Guadioura (80.).	

LOKASTADAN:

Chelsea	38	27	5	6	103-32	86
Man. United	38	27	4	7	86-28	85
Arsenal	38	23	6	9	83-41	75
Tottenham	38	21	7	10	67-41	70
Man. City	38	18	13	7	73-45	67
Aston Villa	38	17	13	8	52-39	64
Liverpool	38	18	9	11	61-35	63
Everton	38	16	13	9	60-49	61
Birmingham	38	13	11	14	38-47	50
Blackburn	38	13	11	14	41-55	50
Stoke City	38	11	14	13	34-48	47
Fulham	38	12	10	16	39-46	46
Sunderland	38	11	11	16	48-56	44
Bolton	38	10	9	19	42-67	39
Wolves	38	9	11	18	32-56	38
Wigan Athletic	38	9	9	20	37-79	36
West Ham	38	8	11	19	47-66	35
Burnley	38	8	6	24	42-82	30
Hull City	38	6	12	20	34-75	30
Portsmouth	38	7	7	24	34-66	19

Chelsea meistari með glæsibrag

Eftir að hafa horft á Man. Utd lyfta Englandsbikarnum þrjú ár í röð var aftur komið að Chelsea að fagna í gær. Chelsea þurfti að leggja Wigan að velli til þess að verða meistari og það gerði liðið á sannfærandi hátt.

FÓTBOLTI Chelsea tryggði sér í gær Englandsmestaratitilinn eftir stórsigur gegn Wigan en lokatölur á Stamford Bridge voru 8-0. Chelsea komst á bragðið strax eftir rúmlega fimm mínútna leik.

Vendipunktur leiksins kom síðan eftir hálf tíma leik. Þá var dæmt víti á Gary Caldwell er hann stöðvaði Frank Lampard í teignum. Martin Atkinson dómari lét ekki þar við sitja heldur henti Caldwell af velli.

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, haldi félaginu sem og stuðningsmönnum liðsins eftir leikinn.

„Þetta er stórkostlegt, við gerðum okkar besta og ég gerði mitt besta fyrir félagið. Það er frábært andrúmsloft hjá Chelsea, frábærir stuðningsmenn og okkur finnst við verðskulda titilinn eftir þetta tímabil. Við erum mjög ánægðir,“ sagði Carlo Ancelotti glaður í bragði eftir sigurinn gegn Wigan.

Chelsea setti markamet í úrvalsdeildinni en liðið skoraði 103 mörk á tímabilinu. Didier Drogba, framherji liðsins, skoraði þrjú mörk í leiknum og endaði með 29 mörk í deildinni sem gerir hann að markakóngi deildarinnar þetta árið.

„Við erum ánægðir með margt. Við erum ánægðir með markametið og Didier Drogba er markahæstur í deildinni en fyrst og fremst erum við ánægðir með



MEISTARI John Terry hefur átt erfitt uppráttar í einkalífínu í vetur en gat leyft sér að brosa í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

góða frammistöðu,“ bætti Ancelotti við.

John Terry, fyrirlíði liðsins, var að vonum sáttur eftir leikinn og ánægður með að biðin eftir titlinum er loks á enda. „Þetta snýst allt um Chelsea-félagið. Þetta hafa verið erfið þrjú ár að bíða eftir titlinum en við stöndum uppi sem meistara og eigum það skilið,“ sagði Terry ánægður í leikslok.

Terry segir að biðin hafi verið löng og það hafi reynst honum erfitt að horfa á eftir titlinum til United en loks sé komið að því að Manchester United horfi á þá lyfta bikarnum eftirsóttá.

„Þetta er búið að lifa innra með mér í þrjú ár og erfitt að sjá Manchester United lyfta bikarnum ár eftir ár. Við höfum allir sem einn þurfta að sitja og horfa á þetta en nú er komið að þeim að horfa á okkur hefja bikarinn á loft.“

Ashley Cole, varnarmaður Chelsea, fagnaði vel og innilega en þetta var fyrsti titill hans með félaginu.

„Það er langt síðan ég vann síðast deildina og þetta er minn fyrsti titill með Chelsea. Ég er mjög ánægður og vonandi geta allir látið mig í friði og áttað sig á því hvers vegna ég kom hingað,“ sagði Cole að lokum en hann hefur þurft að þola mikið áreiti frá fjölmiðlum í vetur.

- rog



SPORT
besta sætið

PEPSIDEILDIN ER BYRJUÐ

MÁNUDAGINN, KL. 19.00 | ÞRIÐJUDAGINN, KL. 19.45

VALUR-FH | FRAM-ÍBV

PEPSIMÖRKIN

Alla þriðjudaga í sumar kl. 22 á Stöð 2 Sport 2
Magnús Gylfa og Tómas Ingi fara yfir alla leiki umferðarinnar og kryfja þá til mearjar.



VILDRÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12 F13 F14 F15 F16 F17 F18 F19 F20 F21 F22 F23 F24 F25 F26 F27 F28 F29 F30 F31 F32 F33 F34 F35 F36 F37 F38 F39 F40 F41 F42 F43 F44 F45 F46 F47 F48 F49 F50 F51 F52 F53 F54 F55 F56 F57 F58 F59 F60 F61 F62 F63 F64 F65 F66 F67 F68 F69 F70 F71 F72 F73 F74 F75 F76 F77 F78 F79 F80 F81 F82 F83 F84 F85 F86 F87 F88 F89 F90 F91 F92 F93 F94 F95 F96 F97 F98 F99 F100
515 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



FLOTTIR FÉDGAR Wayne Rooney sýndi stuðningsmönnum United son sinn, Kai, í gær. NORDIC PHOTOS/APP

Man. Utd missti af titlinum en Ferguson ekki hættur:
Við getum verið stoltir

FÓTBOLTI Leikmenn Man. Utd stóðu sína plikt í gær og kláruðu Stoke, 4-0, en það dugði ekki til að vinna Englandsmestaratitilinn fjórða árið í röð. Aðeins munaði einu stigi á United og Chelsea þegar upp var staðið.

„Við getum verið stoltir. Við vorum ekki fjarri því að vinna fjórða árið í röð og úrslitin réðust ekki fyrr en á lokadeginum. Á næsta ári munum við reyna aftur og vonandi getum við komið aftur með bikarinn á besta stað í heimi,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, við stuðningsmenn félagsins eftir leikinn í gær.

Ferguson og félagar fylgdust að sjálfsögðu með því sem var að gerast hjá Chelsea en það varð snemma ljóst að Chelsea yrði meistari.

„Við vissum alltaf að það yrði erfitt hjá Wigan að ná stigi gegn

Chelsea. Þegar við heyrðum að þeir væru bara tju eftir á vellinum þá gufuðu upp allar okkar vonir. Ég ætla ekki að velta mér upp úr því í dag hvar við misstum af titlinum. Það er hægt að tala um svo marga hluti en það er ekki gott að velta sér upp úr hlutunum. Stundum gengur þetta upp og stundum ekki,“ sagði Ferguson og bætti við.

„Mestu vonbrigðin var Meistaradeildin. Við hefðum átt að fara alla leið í úrslit. Við klöppum samt fyrir Chelsea og ég klappa fyrir Carlo Ancelotti. Við vitum hversu erfitt það er að vinna þessa deild.“

Ferguson vildi lítið tjá sig um væntanlegar breytingar á leikmannahópi félagsins. Sagði þó í það minnsta tvö mál í gangi en ekki væri búið að skrifa undir neitt og því gæti hann ekkert tjáð sig.

- hbg

LOKAHÓF HSÍ ÁRIÐ 2010

Verðlaunahafar kvöldsins í N1-deildunum:
Háttvisiverðlaun HDSÍ kvenna 2010:
 Berglind Íris Hansdóttir - Valur
Háttvisiverðlaun HDSÍ karla 2010: Heimir
 Örn Árnason - Akureyri
Valdimarsbikarinn 2010: Valdimar Fannar
 Þósson - HK
**Markahæsti leikmaður N1-deildar kvenna
 2010:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir - Haukum
 með 215 mörk
**Markahæsti leikmaður N1-deildar karla
 2010:** Bjarni Fritsón - FH með 149 mörk
**Besti varnarmaður N1-deildar kvenna
 2010:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir - Valur
Besti varnarmaður N1-deildar karla 2010:
 Gunnar Berg Víktorsson - Haukar
**Besti sóknarmaður N1-deildar kvenna
 2010:** Karen Knútsdóttir - Fram
Besti sóknarmaður N1-deildar karla 2010:
 Valdimar Fannar Þósson - HK
**Besti markmaður N1-deildar kvenna
 2010:** Berglind Íris Hansdóttir - Valur
Besti markmaður N1-deildar karla 2010:
 Birkir Ivar Guðmundsson - Haukar
Besta dómaraárið 2010: Anton Gylfi
 Pálsson og Hlynur Leifsson
Besti þjálfari í N1-deild kvenna 2010:
 Einar Jónsson - Fram
Besti þjálfari í N1-deild karla 2010: Gunn-
 ar Magnússon - HK
**Efnilegasti leikmaður N1-deildar kvenna
 2010:** Sunna Jónsdóttir - Fylkir
**Efnilegasti leikmaður N1-deildar karla
 2010:** Oddur Grétarsson - Akureyri
Handknattleikskona ársins 2010: Hanna
 Guðrún Stefánsdóttir - Haukar
Handknattleiksmaður ársins 2010:
 Valdimar Fannar Þósson - HK



HEIMIR GUÐJÓNSSON þjálfari FH á von
 á fjörugum leik í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Pepsi-deildin byrjar í kvöld: Báðir þjálfarar bíða spenntir

FÓTBOLTI Fyrsti leikur Pepsi-deild-
 ar karla fer fram í kvöld þegar
 Valur tekur á móti Íslandsmeist-
 urum FH á Vodafonevelliinum.

„Við bíðum spenntir eftir því
 að geta byrjað þetta. Ég held að
 það sé bara ágætt að mæta FH í
 fyrsta leik. Það er auðvitað alltaf
 spurning hvernig liðin detta inn
 í mótið. Það eru öll liðin nýkom-
 in á gras en við hræðumst FH-
 inga ekki neitt og bíðum spenntir
 eftir leiknum,“ sagði Gunnlaugur
 Jónsson, þjálfari Valsmanna, en
 þetta verður fyrsti leikur hans í
 Íslandsmótinu með Val.

„Heilt yfir erum við nokkuð
 heilir og lítið um meiðsli. Matthías
 Guðmundsson hefur átt við
 meiðsli að stríða en það er það
 eina. Við vonumst bara eftir
 góðri stemningu og fullt af fólki
 því þetta verður eflaust flottur
 leikur,“ sagði Gunnlaugur.

„Mér líst vel á þetta. Það þarf
 ekki annað en að líta yfir leik-
 mannaþópinn hjá Val til þess
 að sjá það að þeir eru með mjög
 sterkt lið og eru komnir með
 nýjan þjálfara í brúna. Þeir
 ætla sér væntanlega stóra hluti
 í sumar,“ sagði Heimir Guðjóns-
 son, þjálfari FH, en hann segir
 sína menn klára í verkefnið.

„Við áttum okkur á því að
 þetta verður erfiður leikur. Það
 eru flestir klárir í þennan leik
 og höfum við litlar áhyggjur af
 meiðslum en þetta er allt að lag-
 ast í þeim efnum. Það hafa alltaf
 verið fjörugir leikir á milli þess-
 ara liða og ég á ekki von á öðru í
 kvöld. Við erum ánægðir með að
 þetta er að byrja og höfum æft
 vel í vetur, við bíðum spenntir,“
 sagði Heimir að lokum.

- rog



BESTUR Valdimar Þósson átti frábært tímabil með HK í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valdimar Þósson bestur í N1-deild karla í vetur:

Langar að fara út

HANDBOLTI Valdimar Fannar Þórs-
 son, leikmaður HK, var maður
 kvöldsins er lokahóf HSÍ var
 haldið um helgina. Valdimar fékk
 fjölda verðlauna og auk þess sem
 hann hlaut hinn eftirsóttu Valdi-
 marsbikarinn var hann valinn leik-
 maður ársins, besti sóknarmaður-
 inn og var í liði ársins.


„Maður er auðvitað yfir sig
 ánægður með þetta. Ég viðurkenni
 það að þetta kom mér á óvart því
 að mínu mati var þetta ekki mitt
 besta tímabil,“ sagði Valdimar
 Fannar.

„Það er meiriháttar að hafa
 hlotið Valdimarsbikarinn. Þetta
 er gríðarlegur heiður og maður
 er lengi að átta sig á þessu. Þetta
 gerist varla flottara og ég var í
 algjöru sjokki þarna lengi vel á
 eftir,“ bætti Valdimar við en hann
 segir framtíð sína í lausu lofti þar
 sem samningur hans við HK er
 runninn út. „Það er allt óráðið. Ég
 er að fara að hitta HK-ingana og
 svo eru útlönd bara í vinnslu svona
 með. En man langar að prufa það
 aftur og reyna að geta eitthvað
 úti,“ sagði Valdimar.

- rog

Ifö

Maí Tilboð á Innréttingum



EINFALDAR Í UPPSETNINGU - KOMA SAMSETTAR!



25%
 AFSLÁTTUR

Tilboðsverð: 29.900.-

Verð: 69.900.-

Tilboðsverð: 29.900.-



Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGIR

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
 Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

> Mike Myers

„Lengi vel átti ég von á að hæfileika-lögreglan myndi handtaka mig fyrir að vera loddari. Ég hafði svo gaman af því sem ég var að gera að ég hélt að það væri ólöglegt.“

Myers fer með hlutverk gúrúsins Pitka í myndinni *The Love Guru* sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HEFUR EIGIN DAGSKRÁRGERÐ

Gömul lög og góðar minningar

Kassi með kassetum varð á vegi mínum í geymslunni minni um daginn, eitthvað hafði nú týnst allverulega úr safninu sem einu sinni var dágott, blanda af upptökum úr útvarpinu og upptökum af plötum vína. Nokkrar forvitnilegar upptök voru þó þarna, til dæmis vinsældarlisti Rásar tvö frá sumrinu 1985 og auðvitað mixspólur frá niunda og tíunda áratugnum. Þó að vel mætti losa dót í geymslunni þá tími ég ekki að flegja þessu, finnst eins og ég verði að geyma af þessu dót – þó ekki nema til að geta sýnt þessa fornaldargrip í framtíðinni. Kannski sagt sögur af því hversu mikið þurfti að hafa fyrir því að ná í tónlist, sitja við útvarpið og taka upp lög og vona heitt að kynnar myndu spila þau öll án þess að tala inn á þær. Hljómburðurinn á þessum snældum var yfirleitt

glataður ef ég man rétt og þar fyrir utan var kassetutækið sem ég átti ekki upp á marga fiska. Entist samt ótrúlega lengi og virkaði enn þegar ég henti því fyrir ekki svo löngu.

Það er víst ein öruggasta leiðin til að rifja upp góðar (og slæmar) stundir að hlusta á tónlist sem hefur fylgt manni á einhverjum æviskeiðum. Stundum þykir mér miður að hafa ekki haldið því áfram að hafa safnað saman uppáhaldslögum. Ég hætti þegar ég hætti að hlusta á kassetur.

En ég held að nú þegar ég er orðin 39 ára verði ég hreinlega að hefja þessa eigin dagskrárgerð á nýjan leik, byrja aftur að búa til lagalista. Það mun nefnilega pottþétt gleðja mig síðar meir að geta líka rifjað upp fjórða áratuginn í lífinu við undirleik uppáhaldslaganna rétt eins og þann annan og þriðja.



MÁNUDAGUR



▶ 19.00 Valur – FH, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ 19.45 How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ 21.15 Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ 21.40 CSI SKJÁREINN



▶ 21.50 Cold Case STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálfréttir

17.30 Leiðin á HM (11:16) (e)

18.00 Pálína (35:56)

18.05 Herramenn (22:52)

18.15 Pósturinn Páll (21:28)

18.30 Eyjan (Øen) (11:18)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.10 Lífið (Life) (6:10) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem David Attenborough segir frá nokkrum óvenjulegustu, snjöllustu, furðulegustu og fegurstu aðferðunum sem dýrin og plönturnar hafa komið sér upp til að halda lífi og fjölga sér.

21.00 Lífið á tökustað (Life on Location) (6:10) Stuttir þættir um gerð myndaflokksins Lífið.

▶ 21.15 Lífsháski (Lost VI) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.

22.00 Tíufréttir

22.10 Veðurfréttir

22.15 Ár í lífi konungsfjölskyldu (Áret der gik í kongehuset 2009) Dönsk mynd um helstu viðburði í lífi Margrétar Þórhildar Danadrottningar og fjölskyldu hennar á árinu 2009.

23.00 Aðþrengdar eiginkonur (e)

23.45 Kastljós (e)

00.15 Fréttir (e)

00.25 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 We Are Marshall

10.10 Dave Chappelle's Block Party

12.00 Space Jam

14.00 We Are Marshall

16.10 Dave Chappelle's Block Party

18.00 Space Jam

20.00 The Love Guru Gamanmynd með Mike Myers í aðalhlutverki.

22.00 Your Friends and Neighbors

00.00 When the Last Sword Is Drawn

02.20 The Squid and the Whale

04.00 Your Friends and Neighbors

06.00 Tristan + Isolde

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Tommi og Jenni og Krakkamir í næsta húsi.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (2:12)

10.50 Hæðin (8:9)

11.45 Falcon Crest (14:18)

12.35 Nágrannar

13.00 Like Mike

15.05 ET Weekend

15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, A.T.O.M. og Tommi og Jenni.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (22:25)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Two and a Half Men (1:24)

▶ 19.45 How I Met Your Mother (13:20) Við höldum áfram að kynna vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnti móður barnanna sinna og hver hún í raun er.

20.10 American Idol (36:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fimm bestu söngvaramir eru eftir.

20.55 American Idol (37:43) Nú kemur í ljós hvaða fjórir keppendur halda áfram.

21.45 Supernatural (10:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

22.30 That Mitchell and Webb Look (3:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af fráberum sketsum með David Mitchell og Robert Webb en þeir slógu í gegn í Peep Show.

22.55 Paradise Now

00.25 Bones (13:22)

01.10 Curb Your Enthusiasm (2:10)

01.40 Like Mike

03.20 Dirty Tricks

04.00 Hard As Nails

05.20 How I Met Your Mother (13:20)

05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

14.00 PGA Tour 2010 Útsending frá lokadegi The Players Championship-mótsins í golfi en þangað voru mættir flestir af bestu kylfingum heims.

18.00 Pepsídeildin 2010: Upphitun Hitað upp fyrir Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

▶ 19.00 Valur – FH Bein útsending frá opnunarleik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

21.15 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþríf-in á einum stað.

22.15 Veitt með vinum Flottur þáttur þar sem veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.

22.45 Valur – FH Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

00.35 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilakar heims.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Chelsea – Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Arsenal – Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

18.45 PL Classic Matches: Liverpool – Newcastle, 1998

19.15 Man. Útd. – Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

22.00 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþríf-in á einum stað.

22.30 Football Rivalries

23.25 Burnley – Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

07.10 Spjallið með Sölva (12:14) (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Pepsi MAX tónlist

12.00 Spjallið með Sölva (12:14) (e)

12.50 Pepsi MAX tónlist

17.45 Dr. Phil

18.30 Game Tívi (15:17) (e)

19.00 The Real Housewives of Orange County – NÝTT (1:12) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.

19.45 King of Queens (7:24) (e)

20.10 Melrose Place (14:18) Glæný og spennandi þáttaröð um ungt fólk sem býr í sömu byggingu í Los Angeles.

20.55 One Tree Hill (19:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.

▶ 21.40 CSI (11:23) Ung kona er myrt á hóteli í Las Vegas og vinkona hennar finnst myrt annars staðar í borginni. Á sama tíma rannsakar Ray dauðsfall ungs drengs og telur sig vera búinn að finna nýtt fórnarlamb raðmörðingja sem hann kallar „Dr. Jekyll“.

22.30 Heroes (9:19) Claire reynir að komast að því hver réðst á Gretchen og Annie. Peter notar nýjan hæfileika til að hjálpa Emmu á meðan Sylar heldur áfram að herja á Matt.

23.15 Jay Leno

00.00 Californication (7:12) (e)

00.35 Law & Order: UK (1:13) (e)

01.25 Battlestar Galactica (22:22)

02.05 King of Queens (7:24) (e)

02.25 Pepsi MAX tónlist



20.00 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi. Endursýndur þáttur

20.30 Golf fyrir alla Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

21.00 Frumkvöðlar Þáttur um frumkvöðla í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

21.30 Í nærveru sálar Dáléiðsla sem meðferðartækni. Gestur Kolbrúnar er Hörður Þorgilsson sálfræðingur.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Skemmtileg viðbót á ostabakkann

Dalahringur er nýr og bragðmildur hvítmygluostur. Löggun ostsins gerir það að verkum að hann þroskast hraðar en aðrir sambærilegir mygluostar á markaðnum. Gríptu með þér Dalahringur í næstu verslun.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol

Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fimm söngvarar eru nú eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings. Í kvöld syngja keppendur lög Sinatra og er það sjálfur Harry Connick Jr. sem leiðbeinir hinum risandi stjórnnum. Í seinni þætti kvöldsins sem verður kl. 20.55 kemur í ljós hvaða fjórir keppendur halda áfram og eiga þar með von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.



► VÍÐ MÆLUM MEÐ
The Real Housewives of
Orange County - NÝTT

Skjár einn kl. 19.00

Vicki, Lauri, Jeana og Tammy snúa aftur í raunveruleikaseríu þar sem fylgst er með lífi húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Nú bætist við hópinn ljóshærða bomban Tamra Barney en Jo De la Rosa úr fyrri seríunni er flutt til Los Angeles.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit
06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn
07.03 Vitt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregni
10.13 Stefnumót

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjórnar
15.03 Útvarpssagan: Norðan við stríð
15.32 Fólki og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

18.16 Spegillinn
18.50 Veðurfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Framtíð lýðræðis
22.05 Veðurfregni
22.10 Orð kvöldsins
22.20 Gími, grúsk og glóriur
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtonar

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

19.30 **The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

20.15 **E.R.** (19:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 **Fréttir Stöðvar 2**21.25 **Ísland í dag**

► 21.50 **Cold Case** (18:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 **The Mentalist** (17:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

23.20 **Twenty Four** (15:24) Spennuþáttur um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.

00.05 **The Doctors**00.50 **E.R.** (19:22)

01.35 **Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjórnarar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndahugamenn.

02.00 **Fréttir Stöðvar 2**02.50 **Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

12.10 Allo, Allo! 12.40 My Hero 13.10 My Hero 13.40 Absolutely Fabulous 14.10 Absolutely Fabulous 14.40 Hustle 15.30 The Inspector Lynley Mysteries 16.15 EastEnders 16.45 The Weakest Link 17.30 Absolutely Fabulous 18.00 Gavin And Stacey 18.30 Hotel Babylon 19.20 Mistresses 20.10 Gavin And Stacey 20.40 Strictly Come Dancing 22.10 Robin Hood 22.55 Gavin And Stacey 23.25 Hotel Babylon

DR 1

12.00 Et liv på kanten 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.05 Family Guy 14.30 Splint & Co 14.55 Minisekterne 15.00 Magnus og Myggen 15.15 Benjamin Bjørn 15.30 Karlsson på taget 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Søren Ryge præsenterer 18.00 Livets planet 18.50 Bagom Livets planet 19.00 TV Avisen 19.25 Horizont 19.50 SportNyt 20.00 Inspector Morse 21.40 OBS 21.45 Vejrets magt 22.15 Boogie Mix

NRK 1

12.10 Par i hjertet 13.00 NRK nyheter 13.10 Dallas 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Bygdelig 15.40 Oddasat 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Puls 18.15 Måltidet jeg aldri glemmer 18.45 Tradisjonshandverk 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Krøniken 20.30 Hitlåtens historie 21.00 Kveldsnytt 21.15 Dalziel og Pascoe 22.55 Nytt på nytt 23.25 Sport Jukeboks

SVT 1

12.15 När syrenerna blommar 14.00 Rapport 14.05 Gomorrón Sverige 14.55 Bubblan 15.25 Kvartersdoktom 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Det kungliga bröllopet 19.00 Kommissarie Winter 20.00 Från olika världar 21.50 STCC 22.45 Jakten på Julia 23.45 Jag köpte en regnskog



Orkuveita
Reykjavíkur

RÁÐSTEFNA UMHVERFIS- OG ORKURANNSÓKNASJÓÐS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

14. MAÍ KL. 13:00 – 16:30 AÐ BÆJARHÁLSI 1 - FYRIRLESTRARSAL

Umhverfis- og orkurannsóknasjóður Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið starfræktur síðan árið 2007 og stutt fjölda rannsóknaverkefna á sviði umhverfis- og orkumála. Niðurstöður 8 verkefna verða kynntar með framsöguverindum og á þriðja tug veggspjalda sem verða til sýnis ráðstefnudaginn.

Dagskrá

• Setning

Guðlaugur G. Sverrisson,
stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur

• CarbFix - Kolefnisbinding í bergi

Sigurður Reynir Gíslason, Háskóla Íslands

• Náttúrulegt varmatap jarðhitasvæða og kæling bergs og kviku

Magnús Tumi Guðmundsson, Háskóla Íslands

• Endurheimt staðargróðurs á Hengilssvæðinu

Ása L. Aradóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands

• SKÓGVATN - Áhrif skógræktar

og landgræðslu á vatnsgæði og vatnalíf

Bjarni Diðrik Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands

• Kaffiveitingar og veggspjöld kynnt

Mat á þjónustu vistkerfa: Heiðmörk
Kristín Eiríksdóttir, Háskóla Íslands

• Nýting efna í jarðhitagasi

Guðmundur Óli Hreggviðsson, Matís

• Rafmagnsbílar og íslenskur efnahagur

Jóhann Sigurðsson og Héðinn Þorkelsson,
Háskólanum í Reykjavík

• E-Transport. Modelling the transition from conventional to electric vehicles in Icelandic private transport using System Dynamics

René Biasone, Háskóla Íslands

• Afhending styrkja og ráðstefnuslit

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR

Fundarstjóri: Jakob Sigurður Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu Orkuveitu Reykjavíkur.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis, en þátttakendur eru beðnir að skrá sig í síma 516 6000 fyrir 13. maí.



• Nýir tímar - nýjar hugmyndir

www.or.is



„Ég er að horfa á Breaking Bad. Þeir eru öðruvísi en flestir aðrir þættir sem er verið að sýna. Mér finnst þeir skemmtilega settir upp og sýna að hver sem er getur orðið glæpamaður og að glæpir borga sig raunverulega ekki.“

Inga Dungal, súluformþjálfari hjá Xform.

Ómar var fyrsti alvöru pollapönkarinn

„Ómar kemur með ýmis leikhljóð og karaktera sem hann hefur verið að túlka í gegnum tíðina,“ segir tónlistarmaðurinn og leikskólakennarinn Heiðar Örn Kristjánsson.

Heiðar, sem er oftast kallaður Heiðar í Botnleðju, vinnur nú að plötu með hljómsveitinni Pollapönk. Með honum í hljómsveitinni eru fleiri þungavigtarmenn í íslensku rokksenunni; Halli úr Botnleðju, Addi bróðir hans og bassaleikarinn Guðni Finns.

Eitt lag á plötunni heitir Ómar Ragnarsson og Ómar sjálfur leit við í hljóðverinu á föstudag og lagði blessun sína yfir lagið með videigandi hætti. „Hann hressir aðeins upp á lagið,“ segir Heiðar.

ar. „Það er mikið að gera hjá honum og hann er fljótur að vinna. Það var bara gengið í verkið og það gert mjög vel. Þetta er atvinnumaður. Hann negldi þetta gjörsamlega.“

Heiðar segir að lagið sé lofsöngur um Ómar og liður í að kynna hann fyrir ungu kynslóðinni. „Ómar er einn af merkilegri mönnum landsins,“ segir hann. „Krakkarnir vita ekkert hver hann er, en við ólumst upp með honum og hann var mikill sprelligosi þegar við vorum ungir. Ómar er fyrsti alvöru pollapönkarinn!“

Útgáfufyrirtækið Record Records gefur plötuna út sem kallast Meira Pollapönk og er væntanleg í lok maí. - afb



Í HLJÓÐVERINU Ómar og Heiðar bregða á leik í hljóðverinu á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. fönn, 6. fæddi, 8. lærdómur, 9. hjör, 11. guð, 12. tjón, 14. gróðabrall, 16. gjaldmiðill, 17. sauðabari, 18. umrót, 20. gelt, 21. mergð.
LÖÐRÉTT 1. íþrótt, 3. ónefndur, 4. verkfæri, 5. hljóma, 7. glæpur, 10. blóðhlaup, 13. eldsneyti, 15. gróft orð, 16. nögl, 19. átt.

LAUSN

15. klám, 16. kló, 19. sa.
5. óma, 7. lögþrot, 10. mar, 13. gas, 18. los, 20. gá, 21. ótal.
LÖÐRÉTT: 1. pólo, 3. nn, 4. járnöng, 11. ra, 12. ógagn, 14. brask, 16. kr, 17. lárétt, 2. snjó, 6. ól, 8. nám, 9. löm.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Elite.
- 2 Gandí.
- 3 Kakali.

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32

Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.



FLOTTUR Í SVEITINI Jón Pálsson og nýi jeppinn sem hann fékk afhentan á Selfossi á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓN PÁLSSON: FÉKK NÝJAN LAND CRUISER AFHENTAN Á SELFOSSI

Ekur um Rangárvallasýslu í flottasta leigubíl landsins

„Það er málið að bjóða flotta þjónustu og flotta bíla í dag. Maður fær það til baka með meiri vinnu,“ segir leigubílstjórinn Jón Pálsson. Jón fékk afhentan nýjan Land Cruiser á Selfossi á föstudag, sem er vafalaust einn flottasti leigubíll landsins, enda er grunnverð á svona glæsikerru frá 12 milljónum króna. Hann býr í Rangárvallasýslu og hefur starfað þar sem leigubílstjóri í sex ár. „Þetta er sjöundi Land Cruiserinn sem ég eignast,“ segir Jón, sem var staddur í Reykjavík að láta koma fyrir verðmæli og setja GPS-tæki í bílinn þegar Fréttablaðið náði í hann. „Þetta er Land Cruiser 150. Dýrasta týpan, VX – allt í leðri og rafmagn.“

Jón er harður Land Cruiser maður og ók síðast um á 120-týpunni. Á vefsíðu Toyota kemur fram að jeppinn sé hannaður til að takast á við erfiðustu aksturskilyrði með afburðafimi og stöðugleika. Eitthvað sem kemur sér vel í Rangárvallasýslunni þar sem skilyrðin geta verið afar frábrugðin þeim sem höfuðborgarbúar þekkja. Jón þarf ekkert að óttast þar sem á vefsíðunni kemur enn fremur fram að erfiðustu áskoranir verði eins og hversdagslegur akstur með framúrskarandi útbúnaði sem veitir stuðning til að komast yfir hinar erfiðustu hindranir. Hann er því eins og gefur að skilja ekki í vafa um að nýi gull-

slegni Cruiserinn sé sá langflottasti sem hann hefur nokkurn tíma ekið. „Það er engin spurning. Það er algjör draumur að keyra hann,“ segir Jón. „Ég er alveg sannfærður um að farþegarnir munu kunna að meta hann.“ Hótelgestir í Rangárvallasýslu eru duglegir við að nýta þjónustu Jóns. „Ég vinn svolítið út frá hótelnunum þarna, Hótel Hvolsvelli og Hótel Rangá,“ segir hann. Jón vilar ekki fyrir sér að bregða sér í betri fötin, ef svo ber undir. „Ég keyri brúðhjón frá Hótel Rangá að Skógafossi og Seljalandsfossi. Það er mjög vinsælt. Þá bý ég mig upp og fer í smóking – er í mínu flottasta tau.“

atlifannar@frettabladid.is


FRÉTTIR AF FÓLKI

Eurovisionhópurinn með Heru Björk

í broddi fylkingar kom fram í Smáralind á laugardag. Tílefið var útgáfa plötunnar Je Ne Sais Quoi sem inniheldur tíu ný lög með Heru ásamt þremur útgáfum af Eurovisionlagi Íslands í ár. Löng röð aðdáenda myndaðist eftir að Hera tók lagið, en hún vílaði ekki fyrir sér að taka á móti skaranum og sendi engan heim án eiginhandarátunar.



Netstjórnnunni Magga Mix er ýmislegt til lista lagt. Hann sló fyrst í gegn með tónlist og matreiðslumyndböndum á Netinu og eignaðist í kjölfarið yfir 26.000 aðdáendur á Facebook-samskiptasíðunni. Nú hefur Magga tekið upp á því að vera með fræðsluhorn fyrir aðdáendur sína, en í því gefur hann meðal annars sparnaðarráð, sem ættu að koma sér vel á þessum síðustu og verstu.



Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá eignuðust fótbolta-kappinn Grétar Rafn Steinsson og Manúela Ósk, eiginkona hans, dótturina Elmu Rós í enda apríl. Grétar er afar rómantískur maður af lýsingum Manúelu á bloggi hennar að dæma, en stuttu eftir barnsburðinn tæmdi hann blómabúð í nágrenninu og flutti á heimili þeirra. Hann var ekki hættur því skömmu síðar mættu útsendar Chanel í heimsókn og settu upp verslun á heimilinu með þau skilaboð að Manúela mætti velja sér hvað sem er. - afb

Hótelgestir í Rangárvallasýslu eru duglegir við að nýta þjónustu Jóns. „Ég vinn svolítið út frá hótelnunum þarna, Hótel Hvolsvelli og Hótel Rangá,“ segir hann. Jón vilar ekki fyrir sér að bregða sér í betri fötin, ef svo ber undir. „Ég keyri brúðhjón frá Hótel Rangá að Skógafossi og Seljalandsfossi. Það er mjög vinsælt. Þá bý ég mig upp og fer í smóking – er í mínu flottasta tau.“

atlifannar@frettabladid.is



BREAK! DansGleði í SUMAR

Skráning á dancocenter.is

DANCE CENTER REYKJAVÍK

Rekur Eurovision-útvarpsstöð á Netinu

Gunnar Ásgeirsson, 23 ára sýningarstjóri í Smárabíó, er útvarpstjóri í hjáverkum. Hann hefur komið sér upp litlu hljóðveri heima hjá sér í Garðabænum þar sem hann sendir út gömul og ný Eurovision-lög á Netinu. Gunnar hefur fengið Írisi Hólm í lið með sér en hún er með kvöldþátt netstöðvarinnar. Þau hafa hins vegar aldrei hist „Nei, við höfum aldrei verið formlega kynnt, hún sendir bara út frá hljóðveri hljómsveitarinnar sinnar, Bermuda,“ segir Gunnar en Íris söng einmitt lagið The One í forkeppni Sjónvarpsins í ár. Sjálfur hefur Gunnar komið sér upp hljóðnema og litlum hljóðblandara en Gunnar býr í foreldrahúsum í Garðabænum.

Gunnar segir þetta allt vera til gamans gert en útsending hefst klukkan tólf á hádegis. „Ég hef fengið mjög góð viðbrögð við þessu og fólk er bara ánægt með framtakið,“ segir Gunnar sem er sjálfur mikill Eurovision-maður eins og gefur að skilja. „Ég hef haft gaman af þessari keppni og maður er alltaf þæla í því hvernig lög hin löndin eru að senda,“ segir Gunnar sem er sæmilega sáttur við íslenska lagið. „Mér finnst lagið of „júróvisjónlegt“. Ef maður skoðar lögin sem hafa verið að vinna undanfarin ár þá hafa þau ekki verið málbundin í þeirri formúlu,“ segir Gunnar en bætir við að íslenska lagið hafi



HAFI ALDREI HIST Gunnar Ásgeirsson, útvarpstjóri Eurórarinnar, hefur aldrei hitt hinn starfsmann stöðvarinnar, Írisi Hólm.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fengið ágætis viðbrögð á Netinu. Sjálfur er hann hrfínastur af danska laginu og því sænska. „Það er ekki út af því að þau eru frá Norðurlöndunum heldur eru lögin sjálf flott.“ Hægt er að hlusta á Eurovision-útvarpsstöðina á vefslóðinni eurorasin.is. - fgg

MAÍTILBOÐ

20-50%

Afsláttur af öllum vörum frá Maximuscle*



PRÓFAÐU VÖRURNAR SEM OKKAR BESTA ÍPRÓTTAFÓLK NOTAR



Heiti vöru	VERÐDÆMI	
	Verð áður	Verð nú
PROMAX 908gr	7,995.00 kr.	5,996.00 kr.
PROMAX Diet 1.2 kg	9,995.00 kr.	6,996.00 kr.
PROGAIN 2 kg	8,995.00 kr.	6,296.00 kr.
PROGAIN Extreme 2.1 kg	9,995.00 kr.	6,996.00 kr.
CYCLONE 8 bréf	4,995.00 kr.	2,497.00 kr.
CYCLONE 1.2 KG	9,995.00 kr.	6,996.00 kr.
CREATAMAX EXTREME	8,995.00 kr.	6,296.00 kr.
VIPER 1 kg	4,995.00 kr.	3,996.00 kr.
VIPER Extreme 1 kg	6,995.00 kr.	4,896.00 kr.
THERMOBOL 30	3,495.00 kr.	1,922.00 kr.
THERMOBOL 90	7,995.00 kr.	5,996.00 kr.
CLA-1000 60	4,995.00 kr.	2,497.00 kr.
CLA-1000 90	6,995.00 kr.	4,896.00 kr.
HMB	6,995.00 kr.	4,896.00 kr.
MAXI-EFA 60	4,995.00 kr.	2,997.00 kr.



*Vegna væntanlegra útlitsbreytinga á Maximuscle vörulínunni
MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigurður undirbýr sig

Til stendur að yfirheyra **Sigurð Einarsson**, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, en það þarf varla að taka fram að tveir fyrrverandi stjórnendur bankans, þeir Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson, sitja nú í gæsluvarðhaldi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Sigurður byrjaður að undirbúa sig fyrir fundinn með sérstökum saksóknara,



en hvað felst í þessum undirbúningi fylgdi ekki sögunni. Hann er reyndar staddur erlendis og svaraði ekki kalli saksóknara um að flýta komu sinni heim.

Jónsi á forsíðunni

Sólóverkefni Jónsa í Sigur Rós heldur áfram að vekja athygli víða um heim. Kappinn er á forsíðu nýjasta tölublaðs tímaritsins Paste, en í blaðinu má finna ýtarlega umfjöllun um gerð Go, fyrstu sólóplötu Jónsa. Paste er bandarískt tímarit, margverðlaunað fyrir gæði og hefur komið út frá árinu 2002.

- afb



Á vellinum

Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, hafði í nógu að snúast um helgina. Hann greindi frá því á Facebook-síðu sinni að hann hefði fylgst með Val tapa fyrir Haukum í úrslitaleik N1-deildarinnar í handbolta á laugardag. Þá lét hann sjá sig á Þróttarahátíð í Laugardalnum áður en hann skellti sér á leik Leiknis og Njarðvíkur í Breiðholtiinu í gær. Nú er stóra spurningin sú hvort ekki muni sjást til Einars á Vodafone-velli Valsara í kvöld og svo á heima-völlum KR-inga og Framara annað kvöld, til að gæta jafnræðis meðal reykviskra íþróttaliða.

- þeb



Mest lesið VÍSIR.IS

- 1 Manndráp: Hinn grunaði í gæsluvarðhald
- 2 Ríkisstjórn líklega kölluð á fund í dag
- 3 Landstjórnin tók rútna norður
- 4 Eyjafjallajökull: Framleiðsla gosefna fer hægt dvínandi
- 5 Ríkisstjórnarfundur hafinn

TRYGGÐU
ÞÉR MIÐA

www.listahatid.is

Listahátíð 12. MAÍ – 17. JÚNÍ
í Reykjavík 2010
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

» Rödd skynseminnar

10.000 KR.
SUMARGJÖFFlugtímabil
Maí og júníSíðasti
bókunardagur
á morgun!

Nú fer hver að verða síðastur að nýta veglega sumargjöf okkar, 10.000 kr. afslátt af flugi til fjölda áfangastaða okkar í Evrópu og Ameríku. Skelltu þér út í maí eða júní, þú hefur gott af því!

Flugtímabil: 4. maí–20. júní 2010

Bókunartímabil: 4.–11. maí 2010

Áfangastaðir:

Þú getur nýtt afsláttinn við kaup á flugi til allra áfangastaða okkar, nema Alicante og Bologna.

Allar nánari upplýsingar um afsláttinn finnurðu í nýútkomnu ferðablaði okkar og á www.icelandexpress.is

Bókaðu núna - síðasti bókunardagur er á morgun!



Afsláttarkóði:

IEX0502

Iceland Express 
með ánægju